

Aðalfundur Breiðabliks



2019

AÐALFUNDUR BREIÐABLIKS 2019

Efnisyfirlit ársskýrslu

DAGSKRÁ.....	3
FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR BREIÐABLIKS 2018	4
LÖG BREIÐABLIKS	7
REGLUGERÐ UM HEIÐURSVEITINGAR.....	11
REGLUGERÐ UM VEITINGU BIKARA Á AÐALFUNDI BREIÐABLIKS	12
HEIÐURSVEITINGAR.....	13
SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 2018 - 2019	17
SKÝRSLA ÍPRÓTTASKÓLA 2018 – 2019	24
ELDRI BORGARA LEIKFIMIN 2018 – 2019	25
SKÝRSLA GETRAUNANEFNDAR 2018 – 2019	26
ÁRITUN STJÓRNAR.....	28
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	29
YFIRLÝSING STJÓRNAR.....	30
SAMSTÆÐUREIKNINGUR BREIÐABLIKS.....	31
ÁRITUN SKOÐUNARMANNA	36
ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR.....	37
ÁRSSKÝRSLA FRJÁLSÍPRÓTTAÐEILDAR BREIÐABLIKS	44
ÁRSSKÝRSLA HJÓLREIÐAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	51
ÁRSSKÝRSLA KARATEÐEILDAR BREIÐABLIKS	53
ÁRSSKÝRSLA KNATTSPYRNUÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	57
ÁRSSKÝRSLA KRAFTLYFTINGAÐEILDAR BREIÐABLIKS	59
ÁRSSKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	62
ÁRSSKÝRSLA SKÁKÐEILDAR BREIÐABLIKS	66
ÁRSSKÝRSLA SKÍÐAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	69
ÁRSSKÝRSLA SUNDÐEILDAR BREIÐABLIKS	71
ÁRSSKÝRSLA TAEKWONDODEILDAR BREIÐABLIKS	75
ÁRSSKÝRSLA ÞRÍÞRAUTARÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	76

Dagskrá

Aðalfundur Breiðabliks 2019

haldinn í veitingasal Smárans fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 17.30

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning sex stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundargerð aðalfundar Breiðabliks 2018 sem haldinn var í Smáranum þriðjudaginn 24. apríl kl. 17.00

1. Kosning starfsmanna fundarins

Sveinn formaður steig í pontu og stakk upp á Valdimar Leó Friðrikssyni, formanni UMSK, sem fundarstjóra og Höllu Garðarsdóttur sem ritara og er það samþykkt. Valdimar þakkaði traustið og fór yfir lögmati fundarins en hann var auglýstur skv. lögum félagsins.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir skýrslu stjórnar en hana er að finna í ársskýrslu Breiðabliks 2018.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um skýrslu stjórnar en enginn óskaði eftir því.

3. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri aðalstjórnar, fór yfir ársreikninginn, sem finna má í ársskýrslu 2018. Velta Breiðabliks er einn milljarður í dag. Guðmundur talaði um að þetta væri viðkvæmur rekstur og að mikilvægt væri að haga útgjöldum í samræmi við tekjur. Hann fór einnig yfir að heimildir aðalstjórnar til að grípa inn í rekstur, ef að þurfa þykir, séu með breyttum lögum orðnar meiri. Tekjur aðalstjórnar hafa aukist á milli ára og er ástæðan m.a. vegna nýrra auglýsingaskilta við Hafnarfjarðarveg sem Breiðablik hefur tekjur af. Valdimar Leó bauð fundarmönnum að spyrja út í ársreikninginn.

Halldór Arnarsson, gjaldkeri knattspyrnudeildar, spurði út í hækkun launa á milli ára og eins hvort að það standi til að skipta leigu á íþróttamannvirkjum sem Kópavogsbær rúkkar félagið um vegna aðstöðu, niður á deildir. Guðmundur svaraði því til að ákveðið hafi verið að setja þennan kostnað á aðalstjórn og sér hann ekki

ástæðu til að breyta því. Varðandi launin þá var skipt um framkvæmdastjóra og rekstrarstjóra á árinu, skrifstofa félagsins eflað og almennar launahækkanir sem skýra þennan mun á milli ára. Ólafur Björnsson, spyr hvort að það sé ekki ástæða til að reikna út launakostnað á vinnu sjálfboðaliða félagsins. Þarna er bæjarfélagið að spara sér stórfé sem hvergi kemur fram. Sveinn formaður svaraði því til að hugmyndin sé góð og að þetta verði skoðað í aðalstjórn á haustmánuðum. Gengið til atkvæða um endurskoðaðan ársreikning og er hann samþykktur.

4. Kosning um lagabreytingar

Guðmundur Sigurbergsson fer yfir tillögur um breytingar á lögum en þær hafa legið á skrifstofu framkvæmdastjóra félögum til glöggvunar. Tillögurnar taka aðallega til 5.gr. um aðalfund félagsins, 8. greinar um aðalfund deilda og svo 10.gr. um gildistöku. Fundarstjóri býður fundarmönnum að tjá sig um tillögurnar en enginn kveður sér hljóðs. Fundarstjóri ber upp hverja grein fyrir sig til samþykktar og eru þær allar samþykktar samhljóða.

5. Kosning formanns

Einungis Sveinn Gíslason er í framboði til formanns og er hann því sjálfkjörinn.

6. Kosning sex stjórnarmanna

Einungis sex aðilar hafa óskað eftir kjöri til aðalstjórnar og eru þeir því sjálfkjörnir í stjórn: Guðmundur Sigurbergsson, Halla Garðarsdóttir, Björgvin Gestsson, Steini Þorvaldsson, Ásgeir Baldurs, Þórólfur Heiðar Þorsteinsson.

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Sveinn, formaður aðalstjórnar, steig í pontu og greindi frá því að Breiðablik hefur um árabil verið með sama endurskoðanda. Aðalstjórn finnst ástæða til að fara yfir málin og skoða aðra möguleika þó það þýði ekki endilega að skipt verði um endurskoðanda. Fundarstjóri ber upp tillögu aðalstjórnar Breiðabliks „Aðalfundur Breiðabliks haldinn 24.apríl heimilar aðalstjórn að leita tilboða í endurskoðun félagsins og semja við endurskoðanda eða endurskoðunarfélög“ Samþykkt samhljóða.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Tillaga gerð að þeir Sigurjón Valdimarsson og Jóhann G. Harðarson verði áfram og er hún samþykkt.

9. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Heiðurveitingar:

Deildarbikar - Karatedeild

Þjálfarabikar - Hlynur Örn Gissurarson taekwondo

Afrekshópur Breiðabliks - Meistaraflokkur kvenna í körfuknattleik

Afreksbliku Konur - Fanndís Friðriksdóttir, knattspyrna

Afreksbliku Karlar - Sindri Hrafn Guðmundsson frjálsar

Niðurstaða heiðursveitingarnefndar: Heiðursbliku Helgi Jóhannesson (karate) Gullbliku Böðvar Örn Sigurjónsson (frjálsar og knattspyrna) Hannes Strange (frjálsar, knattspyrna, aðalstjórn) Egill Eiddsson (frjálsar) Silfurbliku Ásgeir Baldurs (knattspyrna) Eiríkur Mörk Valsson (frjálsar) Halldór Arnarsson (knattspyrna) Borghildur Sigurðardóttir (knattspyrna) Margrét Skúladóttir Sigurz (knattspyrna)

Kristján Gunnar Ríkharðsson (knattspyrna)

Valdimar Leó kveður sér hljóðs og afhendir Hannes Strange Silfurmerki UMSK.

Helgi Jóhannesson frá karatedeild steig í pontu, en ákveðið var á aðalfundi deildarinnar að fara með erindi, vegna aðstöðumála, inn á aðalfund Breiðabliks. Undanfarin ár hefur staðan verið þannig að deildin hefur misst aðstöðu sína þegar viðburðir eins og t.d. kvenna/karlakvöld annarra deilda eru í veislusal Smárans. Í hvert skipti dýnur eru notaðar í salnum þarf að taka þær af þar sem salurinn er notaður undir annað en karateæfingar. Það getur tekið allt að 20% af æfingartíma að setja dýnur á gólfið og oft er það svo að yngstu iðkendurnir eru á fyrstu æfingunum og ekki hægt að bjóða þeim upp á að missa 20% af æfingartímanum. Erfitt er orðið að bjóða afreksfólki upp á bestu aðstöðu, þar sem ekki er alltaf æft með dýnur á gólfi. Því miður er ekki er auðvelt að færa æfingar yfir í aðra sali þar sem um mikinn búnað er að ræða. Deildin finnur jafnframt fyrir þrýstingi að sleppa æfingum svo að félagið missi ekki af leigutekjum og er upplifunin að deildin sé í raun fyrirstaða í tekjuöflun félagsins. Karatedeildin hefur bent á þetta í gegnum tíðina og mætt skilningi hjá framkvæmdastjóra og starfsfólki en vantað hefur upp á þann skilning hjá öðrum deildum félagsins. Karatedeildin styður þá hugmynd, sem var rædd var á fundi knattspyrnudeildar vegna aðstöðumála, um að fara með fjármuni ætlaða í knattspyrnuaðstöðu í Fífunni og tengja það núverandi aðstöðu. Deildin vill leggja það til að tækifærið verði notað og komið fyrir almennilegri aðstöðu fyrir bardagaíþróttir og þá gæti Breiðablik notað karatesalinn til útleigu og skapað því aukatekjur. Sveinn formaður steig í pontu og sagði að fullur skilningur væri á aðstöðumálum

deildarinnar. Erfitt hafi verið undanfarin ár að fá inn fjármagn frá Kópavogsbæ í uppbyggingu á svæði Breiðabliks. En að nú væri það vonandi að breytast. Aðalstjórn þarf að fara í vinnu við að greina aðstöðumál deilda. Spurning hvað verður um gömlu stúkuna og hvernig hægt sé að nýta það svæði. Þetta tekur allt tíma en aðalstjórn er hvergi nærri hætt og verður þetta erindi rætt sérstaklega. Fundarstjóri býður Rannveig Önnu Guicharnaud, formann þríprautadeildar, í pontu en deildin hefur verið starfsrækt í umboði aðalstjórnar undanfarna mánuði þar sem að aðalfundur þarf að samþykkja nýja deild inn í félagið. Rannveig fór lauslega yfir forsögu deildarinnar. Fundarstjóri ber upp tillögu um nýja deild, þríprautardeild, í Breiðablik og er sú tillaga samþykkt samhljóða. Steini Þorvaldsson kveður sér hljóðs og tekur undir orð formanns og Helga varðandi aðstöðu hjá

Breiðablik. Fyrir einhverjum árum síðan var gert framtíðarplan fyrir svæði Breiðabliks en nú er það plan löngu orðið úrelt og ástæða til að fara í slíka vinnu aftur. Steini leggur til að farið verði í að fá Smárahvammlandið inn sem svæði Breiðabliks. Steini skorar á fundinn að fela aðalstjórn að ganga í málið. Fundarstjóri lítur svo á að með dynjandi lófaklappi hafi þetta verið samþykkt. Sveinn, formaður Breiðabliks, kom í pontu og þakkaði endurkjörið. Hann tók undir orð Steina og sagði nú væri það verkefni aðalstjórnar að skoða málið í heild, með aðstöðu fyrir allar deildir og skipulag svæðisins í huga. Hann nefndi að ástæða væri jafnvel fyrir því að draga arkitekta að þeirri vinnu og gera þá plan til næstu ára. Sveinn þakkar fyrir frábæran fund og óskar öllum velfarnaðar.

Fundi slitið kl. 18:30

Lög Breiðabliks

Nafn

1. grein

Félagið heitir Breiðablik og er ungmennafélag. Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

Markmið

2. grein

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi.

Félagar

3. grein

Félagi telst hver sá sem þess óskar eða tekur þátt í starfi félagsins. Skal félagi skráður í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í félaginu. Aðalstjórn heldur skrá yfir féлага með aðstoð deilda. Aðalstjórn getur vikið féлага úr félaginu fyrir stórfellt brot á félagsreglum.

Merki og búningur

4. grein

Merki félagsins er hvítur kyndill með rauðum loga á grænum grunni. Fyrir neðan miðju kyndilsins er letrað BREIÐABLIK. Aðallitur keppnis- og æfingabúninga félagsins er grænn.

Skipulag

Aðalfundur félagsins

5. grein *****

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málefnum þess. Hann skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tilkynningu í dagblöðum og á heimasíðu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í aðalstjórn að undanskildum stjórnarmönnum deilda

félagsins og starfsmönnum félagsins. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skal tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Allir félagar eldri en 18 ára hafa tillögurétt um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti eiga allir félagar eldri en 18 ára.

Hver deild fær að lágmarki tvö atkvæði á aðalfundi en til viðbótar eitt atkvæði fyrir hverja 100 iðkendur. Þó getur ein deild aldrei fengið meira en 1/3 heildarfjölda atkvæða. Miða skal við iðkendur 19 ára og yngri samkvæmt upplýsingum sem sendar eru til Kópavogsbæjar vegna undangengins starfsárs. Aðalstjórn skal samhliða boðun aðalfundar reikna út fjölda atkvæða og tilkynna stjórnnum hveðrar deildir viku fyrir aðalfund.

Stjórn hveðrar deildar er í sjálfvald sett að velja fulltrúa á aðalfund sem hafa atkvæðisrétt. Fundarstjóri aðalfundar skal sjá til þess að haldin sé skrá yfir fundarmenn sem hafa atkvæðisrétt áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

Formaður aðalstjórnar setur aðalfund. Skal hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning sex stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó 2/3 hluta greiddra atkvæða. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti

Félagsfundur

6. grein** **** * *****

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman félagsfund, þegar þörf krefur. Skylt er henni að boða til slíks fundar, ef meirihluti deilda félagsins krefjast þess skriflega, enda sé tilkynnt um fundarefni sem þær óska að sett verði á dagskrá.

Boða skal til félagsfundar með sama hætti og aðalfundur. Félagfundur og dagskrárefni skulu vera í samræmi við reglur 5. greinar þessara laga, eins og kostur er. Félagfundur hefur sama vald og aðalfundur.

Aðalstjórn

7. grein *****

Aðalstjórn framkvæmir stefnu aðalfundar, stýrir málefnum félagsins á milli aðalfunda, vinnur að alhliða eflingu þess og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna.

Aðalstjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skipta með sér verkefnum. Stjórn skal að lágmarki kjósa um varaformann og ritara stjórnar. Aðalstjórn er ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnar er viðstaddur fund. Einfaldur meirihluti ákvörðunarbærrar stjórnar ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu.

Fundargerðir aðalstjórnar skulu gerðar opinberar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundargerð hefur verið samþykkt.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum sameiginlegum eignum félagsins og umsjón með rekstri þeirra og varðveislu.

Að minnsta kosti 2/3 hluta allra stjórnarmanna þarf til að:

- Veðsetja eignir félagsins
- Selja varanlega rekstrarfjármuni
- Kaupa fasteignir

Aðalstjórn hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra félagsins. Hann framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar og stýrir daglegum rekstri félagsins. Hann skal í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu.

Aðalstjórn hefur heimild til að skipa starfsnefndir um framkvæmd tiltekinna verkefna. Slíkar starfsnefndir skulu skipaðar að lágmarki einum stjórnarmanni og allar meiriháttar eða óvenjulegar ákvarðanir skulu bornir fyrir aðalstjórn til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn er heimilt að veita heimild til stofnunar nýrrar deildar tímabundið en skal leggja slíka ákvörðun um stofnun fyrir næsta aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn samræmir starf og stýrir sameiginlegum málum deilda, skipuleggur sameiginlega þjónustu innan félagsins og annast upplýsingamiðlun. Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna sem gerðar skulu opinberar á

heimasíðu félagsins. Í slíkum reglum er heimilt að kveða á um að deildir þurfi að leggja fyrirhugaðar fjárskuldbindingar til samþykktar hjá aðalstjórn. Einnig hefur aðalstjórn eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins.

Aðalstjórn skal tryggja að gerð séu hálfársuppgjör aðalstjórnar og allra deilda. Gerð ársreikninga aðalstjórnar og deilda skal lokið með nægilegum fyrirvara fyrir aðalfund hverrar einingar. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og deilda skulu liggja fyrir í upphafi starfsárs deilda og þær yfirfarnar af aðalstjórn.

Allar deildir skulu vera með sameiginlegt bókhald hjá skrifstofu félagsins. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan tilsjónarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar ef tilefni er til og kemur með tillögum til úrbóta ef þörf krefur. Hann getur lagt til að aðalstjórn yfirtaki stjórn deildar, ef tillögum til úrbóta er ekki sinnt að veittum ákveðnum fresti. Ef til þess kemur þá skal aðalstjórn tilkynna slíkt skriflega til deildarstjórnar og um leið tekur aðalstjórn að fullu yfir vald deildarstjórnar. Að minnsta kosti 2/3 hluti aðalstjórnar skal vera samþykktur yfirtöku stjórnar deildar.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt.

Aðalstjórn ber að halda að minnsta kosti tvo fundi á ári sameiginlega með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Aðalfundur deildar

8. grein* * *******

Aðalfundur deildar mótar meginstefnu um starfsemi hennar. Aðalfundur deildar skal halda ár hvert eigi síðar en 15. apríl eða 15. nóvember eftir eðli starfseminnar. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna

fyrirvara með tilkynningu á heimasíðu félagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagar viðkomandi deildar. Atkvæðisrétt hafa allir félagar 18 ára og eldri. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í deildarstjórn. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, með samþykki aðalstjórnar, takist ekki að manna laus stjórnarsæti.

Formaður deildar setur aðalfund. Skall hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Formaður leggur fram skýrslu deildar
3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar
4. Kosning formanns
5. Kosning stjórnarmanna
6. Umræða um málefni deildar og önnur mál

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Vanræki deild að halda aðalfund skal aðalstjórn boða til fundarins og annast framkvæmd hans. Hætti formaður störfum skal stjórn kjósa nýjan formann fram að næsta aðalfundi deildarinnar. Ef meirihluti stjórnar hættir störfum eða stjórn verður óstarfhæf af einhverjum ástæðum er heimilt að kalla til deildarfundar í því skyni að kjósa nýja stjórn. Skall boðun og framkvæmd fundar fara eftir sömu reglum og vegna aðalfundar deildar.

Deildarstjórn

9. gr.*****

Á milli aðalfunda sér deildarstjórn um starfsemi deildar. Í því felst m.a. að skipuleggja starf deildarinnar, skipa starfsnefndir hennar og hafa umsjón með framkvæmd starfsins. Deildum er heimilt að innheimta af félögum sínum æfingagjöld sem deildarstjórn ákveður.

Deildarstjórn skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund deildar.

Deildarstjórn ber ábyrgð á útgjöldum, tekjuöflun og fjárreiðum deildar og að fylgt sé opinberum reglum og fyrirmælum aðalstjórnar um bókhald, endurskoðun, reikningsskil og meðferð fjármuna.

Slit félagsins

10. grein*****

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Kópavogsbæjar. Sé deild lögð niður ganga eigur hennar til aðalstjórnar.

Gildistaka

11. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Jafnframt falla eldri lög úr gildi.

Samþykkt á aðalfundi 1997

** Samþykkt á aðalfundi 2003*

*** Samþykkt á aðalfundi 2004*

**** Samþykkt á aðalfundi 2008*

***** Samþykkt á aðalfundi 2013*

****** Samþykkt á aðalfundi 2015*

****** Samþykkt á aðalfundi 2017*

****** Samþykkt á aðalfundi 2018*

Reglugerð um heiðursveitingar

Bronsbliki*

Aðalfundur Breiðabliks haldinn 28. maí 1998, samþykkir að deildum félagsins verði heimilað að afhenda traustum félögum, sem starfað hafa í a.m.k. fjögur ár að málefnum félagsins, starfsmerki Breiðabliks, sem verði úr bronsi.

Silfurbliki

Silfurblikann má veita einstaklingum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins eða einstakra deilda þess. Mest má veita fimm merki á ári hverju.

Gullbliki

Gullblikann má veita einstaklingum sem hafa um langt skeið unnið mikið starf fyrir félagið eða einstaka deildir þess. Mest má veita eitt merki að jafnaði á ári.

Heiðursbliki

Heiðursblika, heiðursfélaga, má undir sérstökum kringumstæðum kjósa einstaklinga, 50 ára eða eldri, sem hafa unnið framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma eða hafa á annan veg reynst félaginu einstaklega vel.

Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfundum, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursblika verður að vera samhljóða.

Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið hafa viðkenningar þessar.

Framkvæmdastjórn félagsins skipar fimm manna nefnd til heiðursveitinga skv. reglugerð þessari. Nefndin velur sér formann.**

Samþykkt á aðalfundi 1990

**Samþykkt á aðalfundi 1998*

***Samþykkt á aðalfundi 2016*

Reglugerð um veitingu bikara á aðalfundi Breiðabliks

Framkvæmdastjórn Breiðabliks getur á aðalfundi félagsins veitt bikara til viðurkenningar á starfi innan deilda félagsins á síðasta starfsári. Bikararnir sem um ræðir eru farandbikarar og veittir til eins árs í senn.

Veita má eftirfarandi viðurkenningar á aðalfundi félagsins:

Deildarbikar

Er veittur einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til virkni starfs innan deildarinnar, nýliðunar, árangurs í keppni og fjárhagslegrar afkomu á síðasta starfsári.

Þjálfarabikar

Er veittur þjálfara hjá einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til árangurs, hvort heldur um er að ræða hóp- eða einstaklingsíþróttagrein. Þá skal einnig litið til áhuga, menntunar og metnaðar.

Afreksblikki - karlar

Veittur þeim karli sem náð hefur bestum árangri karla innan félagsins á síðasta starfsári.

Afreksblikki - konur

Veittur þeirri konu sem náð hefur bestum árangri kvenna innan félagsins á síðasta starfsári.

Afrekshópur Breiðabliks

Veittur því liði eða keppnishóp sem náð hefur bestum árangri hóps eða liðs innan félagsins á síðasta starfsári.

Félagsmálabikar

Er veittur þeim einstaklingi sem sýnt hefur framúrskarandi dugnað og áhuga í starfi innan félagsins. Ákvörðun um veitingu félagsmálabikars taka síðustu þrjú handhafar bikarsins hverju sinni.

Samþykkt á aðalfundi 2016

Heiðursveitingar

Heiðursblikar

Ármann J. Lárusson (látinn)	2012	Indriði Jónsson	2012
Baldur Kristjánsson (látinn)	1980	Jóhann Baldurs	1991
Gestur Guðmundsson (látinn)	1980	Jóhannes Sveinbjörnsson	2010
Grétar Kristjánsson	2010	Jón Ingi Ragnarsson	1990
Grímur Norðdahl (látinn)	1980	Karl Stefánsson	2017
Guðmundur Guðmunds. (látinn)	1980	Kristinn Jóhannesson	2001
Guðmundur Hjálmars Jónsson	2010	Kristján Jónatansson	2004
Guðmundur Oddsson	2000	Logi Kristjánsson	1996
Guðmundur Óskarsson	1990	Magnús Jakobsson	2003
Guðmundur Þórðarson	2005	Magnús Skúlason	2017
Gunnar I. Birgisson	2001	Ólína Sveinsdóttir	1997
Gunnar Reynir Magnússon (látinn)	2010	Ólafur Björnsson	2007
Hafsteinn Jóhannesson	2011	Ólafur Sigtryggsson	2014
Helgi Jóhannesson	2018	Orrí Hlöðversson	2015
Hulda Pétursdóttir (látinn)	1990	Páll Bjarnason	2003
Jón Ingi Ragnarsson (látinn)	2003	Pétur Ómar Ágústsson	2017
Konráð Kristinsson (látinn)	1995	Sigurður G. Guðmundsson	1993
Kristinn Jóhannesson	2015	Sóley Stefánsdóttir	2000
Kristín Jónsdóttir	2005	Steinar Lúðvíksson	1990
Logi Kristjánsson	2001	Steini Þorvaldsson	2018
Magnús Jakobsson	2005	Sveinn Gíslason	2012
Ólafur Björnsson	2015	Sverrir D. Hauksson	2001
Reynir Gísli Karlsson (látinn)	2011	Teitur Jónasson	2016
Sigmundur Eiríksson (látinn)	2010	Valdimar Fr. Valdimarsson	2002
Sigurður Geirdal (látinn)	2000	Valgerður Pálsdóttir	2005
Steinar Lúðvíksson	2000	Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1999
Svanfríður María Guðjónsdóttir	2011	Þorsteinn Hilmarsson	2010
Sverrir D. Hauksson	2015	Þórður St. Guðmundsson	1995
Valdimar Kr. Valdimarsson (látinn)	1990		
Þórður St. Guðmundsson	2000		
Þórir Hallgrímsson	2014		

Gullblikar

Alda Sveinsdóttir	2010		
Andrés Pétursson	2010		
Arndís Björnsdóttir	2010		
Arnþór Sigurðsson	2011		
Ásgeir Friðgeirsson	2017		
Ásgeir Friðþjófsson	2017		
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2011		
Birna Guðmundsdóttir	2000		
Böðvar Örn Sigurjónsson	2018		
Egill Eiðsson	2018		
Einar Kristján Jónsson	2013		
Einar Vilhjálmsson	2000		
Ester Jónsdóttir	2000		
Grétar Kristjánsson	1990		
Guðmundur Benediktsson	2003		
Guðmundur Jónsson	2005		
Guðni Stefánsson	2014		
Gunnar Snorrason	2018		
Gunnar Steinn Pálsson	2005		
Hannes Strange	2018		
Helgi Jóhannesson	2014		
Hreinn Bergsveinsson	2005		
Hreinn Jónasson	2005		
		Silfurblíkar	
		Agnar Logi Axelsson	1998
		Andrés Pétursson	1999
		Ari Skúlason	2006
		Atli Þórsson	2003
		Arnór Heiðar Arnórsson	2014
		Arnþór Sigurðsson	2004
		Ármann J. Lárusson	1990
		Árni Guðmundsson	1995
		Ásdís Gísladóttir	2002
		Ásgeir Baldurs	2018
		Ásgeir Friðþjófsson	1995
		Ásgeir Magnússon	2005
		Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2000
		Ástfríður Árnadóttir	2003
		Bára Eiríksdóttir	1990
		Bára Gunnarsdóttir	2010
		Benedikt Guðmundsson	2005
		Birna Guðmundsdóttir	1995
		Bjarni Sigurðsson	2008
		Bjarni G. Þórmundsson	2003
		Borghildur Sigurðardóttir	2018
		Böðvar Örn Sigurjónsson	2004
		Edda Valsdóttir	2002
		Eggert Baldvinsson	2016
		Egill Eiðsson	2002
		Einar Hauksson	2003
		Einar Ingvarsson	2005

Einar Pétursson	2003	Konráð Kristinsson	1990
Einar Sumarliðason	1998	Kristinn Jóhannesson	1990
Einar Vilhjálmsson	1995	Kristín Rut Haraldsdóttir	2009
Eiríkur Jensson	1997	Kristín Magnúsdóttir	2002
Eiríkur Mörk Valsson	2018	Kristjana Helgadóttir	2007
Ester Jónsdóttir	1990	Kristjana Jóna Þorlákúsdóttir	2008
Eyþór Ragnarsson	2012	Kristján Gunnar Ríkharðsson	2018
Fanný Guðjónsdóttir	2004	Kristján Hjálmar Ragnarsson	2004
Geir Sverrisson	2010	Logi Sigurfinnsson	2009
Gísli Jón Árnason	2010	Magnús Kr. Eyjólfsson	2012
Gísli Guðmundsson	2006	Magnús Jakobsson	1997
Guðbjörn Þór Ævarsson	2004	Magnús Skúlason	2007
Guðmundur Benediktsson	1993	Magnús Valdimarsson	2013
Guðmundur Björnsson	2003	Marinó Önundarson	2016
Guðmundur Jónsson	1999	Margrét Skúladóttir Sigurz	2018
Guðmundur Sigurbjörnsson	2017	María Sigurðardóttir	2003
Guðmundur Oddsson	1991	Marteinn Sigurgeirsson	2006
Guðmundur Þórðarson	1990	Ólafur Björnsson	2000
Guðrún Pétursdóttir	2005	Ólafur Guðmundsson	2007
Guðrún Kristjánsdóttir	2015	Ólöf Guðmundsdóttir	2005
Gunnar Reynir Magnússon	1993	Óttar B. Ellingsen	1995
Gunnar Ragnarsson	2002	Páll Bjarnason	1993
Gunnar Snorrason	2000	Páll Grétarsson	1998
Gylfi Freyr Gröndal	2004	Pálmi Gíslason	1998
Gylfi Steinn Gunnarsson	2012	Pétur Ómar Ágústsson	2010
Gylfi Sigurpálsson	2006	Pétur Hrafn Sigurðsson	2009
Hafsteinn Jóhannesson	1990	Rúnar Andrew Jónsson	2006
Halla Garðarsdóttir	2017	Sighvatur Blöndahl	2000
Halldór Arnarsson	2018	Sigmundur Eiríksson	2002
Halldór Jónsson	1999	Sigrún A. Gunnarsdóttir	2010
Hallgrímur Arnalds	2009	Sigurður Ingi Hauksson	2010
Hannes Alfonsson	1993	Sigurjón Sigurðsson	2004
Hannes Jónsson	2001	Sigurjón Valdimarsson	1991
Hannes Strange	2008	Smári Rúnar Þorvaldsson	2015
Haukur Hauksson	1998	Sóley Stefánsdóttir	1995
Heiðar Bergmann Heiðarsson	2011	Stefán Jóhannsson	2011
Heiðrún Alda Hansdóttir	2004	Stefán Ragnar Jónsson	2013
Helga Eyfeld	2008	Steini Þorvaldsson	2007
Helga Jóhannsdóttir	1991	Sveinbjörn Strandberg	2000
Helgi Jóhannesson	2009	Sveinn M. Árnason	2001
Helgi Viðar Hallgrímsson	2017	Sveinn Gíslason	2005
Hildur Grétarsdóttir	2017	Sveinn Jóhannsson	1990
Hreinn Jónsson	1999	Sverrir D. Hauksson	1995
Indriði Jónsson	2004	Trausti Þór Ósvaldsson	2011
Ingi Þór Hermannsson	2002	Unnur Friðþjófsdóttir	2005
Ingibjörg Hinriksdóttir	1997	Úlfhildur Haraldsdóttir	2008
Ingólfur Proppé	2005	Viðar Bragi Þorsteinsson	2014
Ingólfur Sigmundsson	2005	Viktória Gísladóttir	2014
Ingvi Júlíus Ingvason	2012	Þorbergur Karlsson	1995
Jóhann Árnason	1999	Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1993
Jóhannes Sveinbjörnsson	2001	Þorsteinn Hilmarsson	2001
Jón Björnsson	1997	Þorsteinn Höskuldsson	1997
Jón Magnússon	2011	Þóra Úlfarsdóttir	2005
Jón Sævar Þórðarson	2011	Örn Jónsson	2009
Jóna Pálsdóttir	2004	Örn Örlygsson	2011
Júlíus Sigurbjörnsson	1991		
K. Bessa Harðardóttir	2008		
Karl Ottó Schiöth	2014		
Karl Stefánsson	2001		
Kjartan Ágústsson	2001		

Alls 31 Heiðursblikar, 51 Gullbliki og 142 Silfurblikar.

**Handhafar afreksbikars
Breiðabliks frá 1981**

1981	Mfl. kv. í knattspyrnu
1982	2. fl. ka. í knattspyrnu
1983	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálssar
1984	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálssar
1985	Ævar Þorsteinnsson, karate
1986	Mfl. ka. í handknattleik
1987	Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1988	3. fl. ka. í knattspyrnu
1989	Helgi Jóhannesson, karate
1990	Guðrún Arnardóttir, frjálssar
1991	Mfl. kv. í knattspyrnu
1992	Birkir Rúnar Kristinsson, sund
1993	Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattspyrna
1994	Mfl. kv. í knattspyrnu
1995	Mfl. kv. í körfuknattleik
1996	Mfl. kv. í knattspyrnu
1997	Mfl. kv. í knattspyrnu
1998	Geir Sverrisson, frjálssar
1999	Harpa Dögg Kjartansdóttir, skíði
2000	Margrét R. Ólafsdóttir, knattspyrna
2001	Jón Arnar Magnússon, frjálssar
2002	Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjálssar
2003	Jón Arnar Magnússon, frjálssar
2004	3. fl. kv. í knattspyrnu
2005	Mfl. kv. í knattspyrnu
2006	Kári Steinn Karlsson, frjálssar
2007	Arnar Grétarsson, knattspyrna
2008	Kári Steinn Karlsson, frjálssar
2009	Mfl. ka. í knattspyrnu
2010	Mfl. ka. í knattspyrnu
2011	Kári Steinn Karlsson, frjálssar
2012	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
2013	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
2014	Viktor Ben Gestsson, kraftlyftingadeild
2015	Mfl. kv. í knattspyrnu
2016	Mfl. kv. í knattspyrnu
2017	Mfl. Kv. í körfuknattleik

Afreksblikki konur

2016	Svana Katla Þorsteinsdóttir
2017	Fanndís Friðriksdóttir

Afreksblikki karlar

2016	Ingi Rúnar Kristinsson
2017	Sindri Hrafn Guðmundsson

**Handhafar deildarbikars
Breiðabliks frá 1989**

1989	Karatedeild
1990	Skíðadeild
1991	Knattspyrnudeild
1992	Körfuknattleiksdeild
1993	Frjálsíþróttadeild
1994	Handknattleiksdeild
1995	Skíðadeild
1996	Sunddeild
1997	Frjálsíþróttadeild

1998	Knattspyrnudeild
1999	Skíðadeild
2000	Knattspyrnudeild
2001	Körfuknattleiksdeild
2002	Karatedeild
2003	Frjálsíþróttadeild
2004	Skíðadeild
2005	Knattspyrnudeild
2006	Sunddeild
2007	Frjálsíþróttadeild
2008	Karatedeild
2009	Knattspyrnudeild
2010	Knattspyrnudeild
2011	Kraftlyftingadeild
2012	Sunddeild
2013	Frjálsíþróttadeild
2014	Knattspyrnudeild
2015	Körfuknattleiksdeild
2016	Skákdeild
2017	Karatedeild

**Handhafar þjálfarabikars
Breiðabliks frá 1991**

1991	Sigurður Hjörleifsson, körfuboltad.
1992	Guðjón Reynisson, knattspd.
1993	Jón S. Garðarsson, skíðadeild
1994	Vanda Sigurgeirsdóttir, knattspd.
1995	Anton Bjarnason, knattspd.
1996	Ásgeir Magnússon, skíðadeild
1997	Pétur Óli Einarsson, körfuknattleiksd.
1998	Jörundur Áki Sveinsson, knattspd.
1999	Egill Eiðsson, frjálsíþróttadeild
2000	Gylfi Freyr Gröndal, körfuknattleiksd.
2001	Úlfar Hinriksson, knattspyrnudeild
2002	Magnús Kr. Eyjólfsson, karatedeild
2003	Vilhjálmur Kári Haraldsson, knattspd.
2004	Erna Þorleifsdóttir, knattspd.
2005	Thomas Fjoldberg, körfuknattleiksdeild
2006	Jón Sævar Þórðarson, frjálssar
2007	Magnús Már Ólafsson, sunddeild
2008	Hákon Sverrisson, knattspyrnudeild
2009	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild
2010	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild
2011	Linda Björk Lárusdóttir, frjálsíþróttadeild
2012	Sverrir Óskarsson, knattspyrnudeild
2013	Vilhjálmur Þór Þóruson, karatedeild
2014	Sigurður Sveinn Nikulásson, skíðadeild
2015	Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild
2016	Helgi Jóhannesson, karatedeild
2017	Hlynur Örn Gissurarson, taekwondodeild

**Handhafar félagsmálábikars
Breiðabliks frá 1970**

1970	Steinar Lúðvíksson
1971	Magnús Jakobsson
1972	Gestur Guðmundsson
1973	Guðmundur Óskarsson
1974	Helga Kristjánsdóttir
1975	Þórir Hallgrímsson

1976 Valdimar K. Valdimarsson
1977 Gyða Stefánsdóttir
1978 Hafsteinn Jóhannesson
1979 Hulda Pétursdóttir
1980 Jón Ingi Ragnarsson
1981 Ásgeir Friðþjófsson
1982 Konráð Kristinsson
1983 Ólína Sveinsdóttir
1984 Helga Jóhannsdóttir
1985 Ester Jónsdóttir
1986 Jóhann Baldurs
1987 Kristinn Jóhannesson
1988 Þorbergur Karlsson
1989 Hildur Grétarsdóttir
1990 Sverrir D. Hauksson
1991 Óttar Ellingson
1992 Eyþór Árnason
1993 Einar Vilhjálmsson
1994 Hreinn Jónasson
1995 Eiríkur Jensson
1996 Ingibjörg Hinriksdóttir
1997 Sveinn M. Árnason
1998 Hannes Jónsson
1999 María Sigurðardóttir
2000 Jóhannes Sveinbjörnsson
2001 Einar Pétursson
2002 Ástfríður Árnadóttir
2003 Indriði Jónsson
2004 Eggert Baldvinsson
2005 Hildur Ástþórsdóttir
2006 Úlfhildur Haraldsdóttir
2007 Einar Ingvarsson
2008 Andrés Pétursson
2009 Pétur Hrafn Sigurðsson
2010 Marínó Öndarson
2011 Jón Berg Torfason
2012 Helen Guðjónsdóttir
2013 Eiríkur Mörk Valsson
2014 María Fanndal Birkisdóttir
2015 Hannes Strange
2016 Hallgrímur Davíð Björnsson
2017 Halldór Grétar Einarsson

Handhafar þrúðmennskubikars Breiðabliks frá 1975

1975 Björn Jónsson, handknattleikur
1976 Sigurjón Kristjánsson, knattspyrna
1977 Telma Björnsdóttir, frjálsar
1978 Margrét Sigurðardóttir, knattsp.
1979 Brynjar Björnsson, handknattleikur
1980 Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1981 Steinar Lúðvíksson, sund/skíði
1982 Ragnar Bjartmars, körfubolti
1983 Ólafur Björnsson, knattspyrna
1984 Hildur Grétarsdóttir, blak
1985 Sigurjón Valmundsson, frjálsar
1986 Jón Þórir Jónsson, knattsp./handkn.
1987 Guðmundur Hrafnkelsson, handkn.
1988 Sigurður E. Hjaltason, handkn.
1989 Guðrún Arnadóttir, frjálsar

Þrúðmennskubikar hefur ekki verið veittur frá 1990.

Árið sem nefnt er, er árið sem viðurkenningin er veitt fyrir.

Bikararnir eru afhentir á aðalfundi (í maí) árið á eftir.

Skýrsla Aðalstjórnar 2018 - 2019



*Sveinn Gíslason
formaður*



*Halla Garðarsdóttir
varaformaður*



*Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri*



*Þórólfur Heiðar
Þorsteinsson
ritari*



*Ásgeir Baldurs
meðstjórnandi*



*Steini Þorvaldsson
meðstjórnandi*



*Björgvin Gestsson
meðstjórnandi*



*Eysteinn Pétur Lárusson
framkvæmdastjóri*

Árið 2018 var viðburðaríkt eins og svo oft áður. Starfsemin óx og dafnaði, iðkendum fjölgaði og margir góðir sigrar unnust. Innan raða Breiðabliks eru starfandi 11 deildir sem halda úti öflugum og fjölbreyttu íþróttastarfi. Hjá Breiðabliki er lagt mikil áhersla á íþrótt- og uppeldisstarf með börnum og unglíngum og viljum með því stuðla að heilbrigðu líferni og félagsþroska. Breiðablik er, hefur verið og mun verða, mikilvægur þáttur í lífi Kópavogsbúa. Góð aðstaða til íþróttaiðkunar hefur verið einn af hornsteinum starfseminnar og þar hafa bæjaryfirvöld staðið þétt við bakið á félaginu. Framkvæmdir við knattspyrnuvöllinn í Fagralundi og á Kópavogsvelli hófust á haustmánuðum 2018 og munu tveir nýjir gervigrasvellir í Fagralundi og á Kópavogsvelli stórbæta aðstöðu knattspyrnudeildar. Samhliða þessu verður ráðist í uppbyggingu á nýju

æfingasvæði frjálsíþróttadeildar vestan stúkunnar eða á svokölluðu Skotmóa svæði. Það svæði verður sérstaklega hannað fyrir kastgreinar í frjálsum íþróttum þar sem núverandi breytingar á yfirborði knattspyrnuvallarins á Kópavogsvelli hamla því að kastgreinar deildarinnar geti lengur farið þar fram. Hins vegar er það mikið áhyggjuefni að framkvæmdir við nýtt æfingasvæði í frjálsum íþróttum séu ekki hafnar því deildin hefur eins og sakir standa enga utanhússaðstöðu þegar þetta er ritað og undirbúningstímabilið utanhúss hafið. Vonast er til þess að framkvæmdir hefjist fljótlega. Ég mun fara betur yfir aðstöðumál deilda hér síðar í þessari skýrslu.

Fjárhagsstaða félagsins er traust en samt sem áður er það vissu áhyggjuefni að sumar deildir félagsins eru að skila nýafstöðnu rekstrarári í tapi. Við

þurfum að gæta varúðar í rekstrinum nú sem áður því án góðrar fjárhagsstöðu er nánast ómögulegt að halda úti öfluglu íþróttastarfi þegar til lengdar er litið.

En hér verður farið lauslega yfir helstu verkefni aðalstjórnar á liðnu rekstrarári.

Fundahöld

Fundir aðalstjórnar

Á starfsárinu hélt aðalstjórn félagsins 12 fundi. Á síðasta aðalfundi félagsins voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn félagsins til eins árs:

Sveinn Gíslason, formaður
Halla Garðarsdóttir, varaformaður
Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri,
Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, ritari,
Björgvin Gestsson, meðstjórnandi,
Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi
Ásgeir Baldurs, meðstjórnandi.

Eysteinn P. Lárusson, framkvæmdastjóri félagsins, undirbjó fundi og sat þá. Góður andi einkenndi störf stjórnarmanna sem allir sinntu starfi sínu af ábyrgð og festu.

Deildastjórnarfundir

Samkvæmt lögum félagsins skal aðalstjórn halda sameiginlega fundi með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Einn deildastjórnarfundur var haldinn á starfsárinu og var hann haldinn þann 27. nóvember í veitingasalnum í Smáranum.

Meginefni fundarins var kynning á breyttu skipulagi á skrifstofu félagsins og hlutverk aðalstjórnar en það var Sveinn Gíslason formaður sem fór yfir það. Þá fór Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri yfir praktísk atriði og það sem var framundan hjá félaginu. Þá voru starfsmenn félagsins kynntir og hlutverk hvers og eins kynnt. Í lokin var síðan kynning á Sportabler en það er hugbúnaðarforrit

sem eykur skilvirkni í skipulags- og samskiptamálum.

Heiðursviðurkenningar

Heiðursnafnbótina Heiðursblikki fékk Helgi Jóhannesson á síðasta aðalfundi félagsins.

Heiðursnafnbótina Gullblikki fengu eftirfarandi á síðasta aðalfundi félagsins:

Böðvar Örn Sigurjónsson
Hannes Strange
Egill Eiðsson

Heiðursnafnbótinu Gullblikki fengu:
Steini Þorvalds 2. nóvember
Gunnar Snorrason 31. desember

Heiðursnafnbótina Silfurblikki fengu eftirfarandi á síðasta aðalfundi félagsins:

Ásgeir Baldurs
Eiríkur Mörk Valsson
Halldór Arnarsson
Borghildur Sigurðardóttir
Margrét Skúladóttir Sigurz
Kristján Gunnar Ríkharðsson

Félagsmálabíkarinn fyrir árið 2017 hlaut Halldór Grétar Einarsson, formaður skákdeildar.

Deildarbíkarinn fyrir árið 2017 hlaut Karatedeild.

Þjálfarabíkarinn árið 2017 hlaut Hlynur Örn Gissurarson Taekwondodeild

Afreksblikki hjá konum var valinn Fanndís Friðriksdóttir knattspyrnukona

Afreksblikki hjá körlum var valinn Sindri Hrafn Guðmundsson spjótkastari

Afrekshópur Breiðabliks var valinn Meistaraflokkur kvenna í körfubolta.

Ýmis verkefni

Aðstöðumál deilda

Eins og áður hefur verið getið að þá hafa aðstöðumál félagsins verið í brennidepli og er verið að stórbæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar utanhúss og þá sérstaklega yfir vetramánuðina. Samhliða framkvæmdum á Kópavogsvelli er verið að færa kastgreinar frjálsíþróttadeildar yfir á skotamáða svæðið vestan við stúkuna á Kópavogsvelli. Hins vegar er ljóst að skóinn kreppir enn að í mörgum deildum félagsins og má sérstaklega nefna frjálsíþróttadeild félagsins sem hefur glímt við mikil þrengsli m.a. innanhúss í Fífunni sem beinlínis hefur hamlað fjölgun iðkenda í deildinni. Þá hafa karatedeildin og taekwondodeildin glímt við aðstöðuvanda og má m.a. í því samhengi nefna að félagsstarf deilda sen fram fer í veislusal félagsins hefur helst til bitnað á karatedeildinni sem hefur nýtt þann sal og oftast en ekki þurft að færa sínar æfingar þegar svo ber undir. Deildin hefur sýnt því mikinn skilning sem ber að þakka. Þá hefur kraftlyftingadeild félagsins verið með sína aðstöðu í gluggalausum og þröngu rými á jarðhæðinni í stúkunninni en lyftingar- og styrktarþjálfunaraðstaða fyrir allar deildir félagsins er í dag afar bágborin. Skákdeildin er í örum vexti og nýtir hún í dag glersalinn í stúkunninni á Kópavogsvelli. Með aukinni notkun á vellinum og fjölgun á viðburðum þar þarf að skoða vel hvaða framtíðarlausn gæti nýst skákdeildinni best. Skíðadeild félagsins er með sína aðstöðu í Bláfjöllum og er það von okkar að eitthvað sé að gerast í aðstöðumálum Bláfjallasvæðisins en skrifað var undir samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu mannvirkja skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins þann 7. maí sl. Körfubolta-deildin er með sína aðstöðu í Smáranum auk þess sem æfingar fara

einnig fram í Lindaskóla og Fagralundi. Hins vegar hefur deildin sótt fast á það að fá aðstöðu í efri byggðum Kópavogs og vonast deildin til þess geta boðið uppá körfuboltaæfingar þar á næsta starfsári. Sunddeild félagsins nýtir tvær frábærar sundlaugar bæjarsins fyrir sínar æfingar en það eru Salalaug og Sundlaug Kópavogs. Í lokin langar mig síðan að nefna tvær yngstu deildir félagsins en það eru hjólreiðadeildin og þríþrautardeildin. Þær deildir hafa vaxið hratt frá því að þær hófu starfssemi og fara æfingar þessara deilda m.a. fram í Sporthúsinu.

Vinnuhópar

Aðalstjórn félagsins skipaði á starfsárinu þrjá vinnuhópa sem urðu til í kjölfar vinnustofu sem haldin var 29. ágúst 2017 undir handleiðslu Hákonssonar.

Hóparnir þrír eru enn að störfum og er yfirskrift þeirra eftirfarandi:

Hópur 1

„Framtíðarstefnumótun / Skipulagsmál á félagssvæði Breiðabliks“

Hópur 2

"Vörumerkið Breiðablik" og vannýtt viðskiptafæri“

Hópur 3

„Innra skipulag“

Aðalstjórn væntir mikils af vinnu þessara hópa og getum við vonandi kynnt niðurstöður og vinnu þessara hópa fyrir félagsmönnum áður en langt um líður.

Árshing UMSK

95. þing UMSK fór fram í félagsheimli Gróttu á Seltjarnarnesi þann 21. febrúar síðastliðinn og sendu Blikar fullskipað lið á fundinn. Margir Blikar hlutu viðurkenningar á þinginu:

Íþróttakona UMSK:

Agla María Albertsdóttir (Knattspyrna)
Frjálsíþróttabíkar UMSK:
Sindri Hrafn Guðmundsson
Sundbíkar UMSK:
Brynjólfur Óli Karlsson
Skíðabíkar UMSK:
Agla Jóna Sigurðardóttir
Lið ársins 2018:
Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Guðmundur Sigurbergsson, var
endurkjörinn í stjórn UMSK og
Halla Garðarsdóttir var endurkjörin í
varastjórn UMSK.

Samráðsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi (SÍK)

Fyrsta ársþing Samstarfsvettvangs
íþróttafélaga í Kópavogi (SÍK), var
haldið í Kórnum fimmtudaginn 14.
febrúar sl. Frá stofnun SÍK hefur verið
starfandi fimm manna starfsstjórn. Í
fyrstu aðalstjórn SÍK voru kosnir
eftirtaldir aðilar: Jón Finnbogason
formaður, Eysteinn Pétur Lárusson,
Hanna Carla Jóhannsdóttir og Olga
Bjarnasdóttir til 2ja ára og Guðmundur
Sigurbergsson, Hólmfríður Kristjáns-
dóttir og Sigmundur Einar Másson til
4ja ára.

Samstarf íþróttafélaganna í Kópavogi

Samstarf stærstu íþróttafélaganna
þriggja í Kópavogi þ.e. Breiðablik,
Gerplu og HK var mikið og gott.
Kópavogsblótið var haldið í fyrsta
skipti á bóndadaginn og tókst mjög
vel.

Sameiginlegur akstur frístundavagns
með stuðningi frá Kópavogsbæ hefur
varið starfandi frá því s.l. haust og
gengið ágætlega. Það verkefni verður
endurskoðað næsta haust með tilliti til
þess hvernig gengið hefur á þessu
fyrsta ári.

Á dögnum var undirritaður samstarfs-
samningur milli íþróttafélaganna og
MK um stofnun Afrekssviðs við
skólann. Skólinn í samstarfi við
íþróttafélögin hefur nú þegar ráðið
Daða Rafnsson sem verkefnisstjóra
yfir verkefninu. Boðið verður uppá
þessa nýju braut frá og með haustinu
2019.

Nú þegar hafa íþróttafélögin óskað
eftir í sameiningu að taka að sér
heilsueflingu eldri borgara í Kópavogi.
Þetta er stór hópur fólks sem
íþróttafélögin telja sig geta sinnt enn
betur en nú er gert og á sama tíma að
nýta íþróttamannvirkin betur á
morgnana með því að bjóða þennan
aldurshóp velkomið í skipulagt starf á
þeim tíma. Niðurstöðu er að vænta
fljótlega en stefnt er að því að byrja
haustið 2019.

UMFÍ hafa óskað eftir því að stóru
félögin þrjú í Kópavogi taki að sér að
halda Landsmót UMFÍ árið 2020.
Mótið hefur verið að þróast og breytast
á undanförunum árum og er niðurstöðu
að vænta fljótlega.

Árangur deilda

Frjálsíþróttadeild

Iðkendur frjálsíþróttadeildar Breiða-
bliks sópuðu til sín samtals 85 Íslands-
meistaratitlum á árinu. Auk þess unnu
þeir stigabíkarar innanhúss í flokkum
14 ára stráka og 11 ára stelpna og
utanhúss í flokkum 16-17 ára stúlkna,
19-22 ára stúlkna og 19-22 ára pílta.
Breiðablik eignaðist einnig þrjá
Norðurlandameistara á árinu og
landsliðsfólkið okkar keppti víða á
alþjóðlegum mótum.

Hjólreiðadeild

Nokkrir meðlimir deildarinnar kepptu
á Íslands- og bikarmótum HRÍ
(Hjólreiðasamband Íslands) og

eignaðist deildin alls 3 Íslandsmeistara sem náðu 6 Íslandsmeistaratitlum.

Auk þess varð Hákon Hrafn bikarmeistari í tímatöku.

Knattspyrnudeild

Þar bar hæst íslands- og bikarmeistaratitlar meistaraflokks kvenna. Meistaraflokkur karla varð í 2. sæti í deild og bikar. Yngri flokkar okkar náðu víða góðum árangri og flestir þeirra í titilbaráttu. En þótt titlar séu mikilvægir þá eru önnur sjónarmið ekki síður mikilvæg þegar horft er til yngri flokka starfsins. Starfið er í sífelldri þróun og aldrei er slegið slöku við að efla og styrkja okkar ungu iðkendur sem mest er unnt. Þar má kappið ekki bera gleðina ofurliði, allir þurfa að fá verkefni við sitt hæfi og vinna sína sigra á eigin forsendum.

Karatedeild

Árið er búið að vera viðburðaríkt og deildin tekið þátt í fjölmörgum mótum hér heima og erlendis. 16 gull, 26 silfur og 72 brons á Íslandsmeistaramótum, Bikarmótum, Fjörkálfamótum og RIG. Að ógleymdum fjáröflunarsjoppum, bíóferðum, keilu, vanaæfingum, Gautaborg, skemmtiferð, fjölskylduæfingu og margt margt fleira.

Nýtt af nálinni var Karateskólinn fyrir elstu börnin í leikskóla og heppnaðist það mjög vel.

Árangurinn hingað til er 100 nýir iðkendur og brottfall milli fór úr 21% niður í 8,4%. Barnahópar eru með því mesta sem verið hefur, unglingshópar hafa styrkst verulega og Meistaraflokkur/Fullorðnir er fjölmennur.

Við fjölgunum þjálfurum á haustönn og aftur á vorönn – fjölgunum æfingum töluvert mikið bæði fyrir Meistaraflokk sem og yngri flokka.

Kraftlyftingadeild

Íslandsmeistaramótin í klassískri bekkpressu og klassískum

kraftlyftingum fóru fram í Reykjavík helgina 17.-18. mars.

Breiðablik átti fimm keppendur á ÍM í klassískum kraftlyftingum. Ellen Ýr Jónsdóttir vann til gullverðlauna í 84 kg fl. með 420 kg samanlagt; 167,5 kg í hnébeygju, 87,5 kg í bekkpressu og 165 kg í réttstöðulyftu. Ellen Ýr hlaut að auki stigaverðlaun í hnébeygju.

Sú aðstaða sem deildin hefur til umráða er 100m² rými undir hinni nýju stúku Kópavogsvallar. Fjöldi iðkenda hefur aukist jafnt og þétt og bætt hefur verið við tækjakost deildarinnar. Deildin hefur nú yfir að ráða einum albesta tækjakosti landsins. Deildin nýtti nú á árinu, sem fyrr, hluta iðkendagjalda til að halda við tækjakosti og til endurbóta á æfingaaðstöðunni

Körfuknattleiksdeild

Mikil gróska er í körfuboltanum hjá okkur Blikum. Þó svo að að báðir meistaraflokkarnir muni leika í 1.deild á næsta keppnistímabili. Árangur yngri flokkanna var viðunandi en auðvitað viljum við alltaf gera betur. Breiðablik á fjölmarga efnilega iðkendur sem eru í fremstu röð í sínum flokkum og eru í æfingahópum landsliða, þannig að leiðin liggur bara upp á við hjá okkur í körfunni. 8 flokkur karla varð Íslandsmeistari og unglingsflokkur karla varð Bikarmeistari.

Skákdeild

Starfsemi skádeildar er blómleg og ljóst að vinsældir skákíþróttarinnar eru töluverðar og skákin komin til að vera innan Breiðabliks. Vignir Vatnar Stefánsson hefur farið mikinn á tveim sterkustu innanlandsmótum haustsins. Hann byrjaði á því að sigra á Haustmóti Taflfélags Reykjavíkur og lék síðan sama leikinn á Meistaramóti Hugins. Fleiri Blikar stóðu sig vel á þessum mótum, Stephan Briem varð annar í B-flokki í Haustmótinu og Arnar Milutin Heiðarsson var einnig í öðru sæti í C-flokki sama móts..

Skíðadeild

Æfingar gengu vel og eins og ávallt stóðu iðkendur Skíðadeildar sig vel og geta verið stoltir af þeim árangri sem þeir hafa náð. Tekið var þátt í ýmsum mótum og var árangur vel viðunandi. Aðstöðumál brenna á Skíðadeildinni og þá aðallega að byrjað verði á snjóframleiðslu í Bláfjöllum. Fyrsta æfingin í Bláfjöllum var ekki fyrr en 23. janúar opnunardagar eru orðnir 39 veðrið hefur aldeilis ekki verið að leika við okkur og hefði snjóframleiðsla bjargað miklu þennan vetur.

Sunddeild

Starfsemi deildarinnar hefur verið með nokkuð hefbundnu sniði síðastliðið ár. Stöðug ásókn hefur verið á sundnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 4-6 ára í vetur og hefur verið uppselt á öll námskeið hjá okkur. Þessi velgengni hefur ýtt undir fjölgun iðkenda í yngstu sundhópunum. Á árinu 2018 voru 136 iðkenndur skráðir í sunddeild Breiðabliks. AMÍ er bæði einstaklings- og liðakeppni og endaði sunddeild Breiðabliks í 3. sæti í liðakeppninni, SH vann og ÍRB varð í 2. sæti. Það sem er aðdáunarvert er að á meðan við vorum með 26 keppendur (144 stungur/skráningar) var SH með 49 keppendur (277 stungur/skráningar) og ÍRB með 48 keppendur (272 stungur/skráningar). Liðin í 4. og 5. sæti voru einnig með fleiri keppendur en Breiðablik.

Taekwondodeild

Hefðbundin starfssemi hófst í lok ágúst 2018 eftir 3 ½ mánaðar sumarfrí og var strax ljóst að mikil fjölgun væri að eiga sér stað hjá deildinni. Mikið af eldri nemendur sneru aftur og eins var mikil nýliðun.

Beltapróf voru haldin á sitt hvorri önninni og tók metfjöldi þátt í þeim. Fyrir liggur að 6-7 einstaklingar munu taka svartabeltispróf í maí 2019 og verður það stærsta svartabeltispróf

deildarinnar frá upphafi. Framhaldið er bjart með fjölgun iðkenda og ljóst að deildin þarf að beita sér mjög í húsnæðis- og aðstöðumálum til að hægt verði að taka á móti fleiri iðkendum þar sem að löngu er komið að þölmörkum m.t.t. fjölda iðkenda við núverandi aðstæður.

Rekstur og fjármál

Rekstarniðurstaða Breiðabliks í heild var neikvæð á árinu 2018. Rekstur Aðalstjórnar var sem fyrr traustur og stöðugur en tap var á rekstri nokkurra deilda sem gerir það að verkum að heildarrestrararniðurstaða félagsins var neikvæð. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu sýndu allar deildir ábyrgð í rekstri en rekstrarskilyrði félagsins voru krefjandi á síðasta ári. Sá veruleiki er enn fyrir hendi, það er því aldrei of oft sagt að forsvarsmenn félagsins þurfi að sýna útsjónarsemi og ráðdeild í rekstri.

Eitt megin hlutverk aðalstjórnar er að vera deildum til aðstoðar varðandi fjármálin almennt en einnig að grípa í taumana ef í óefni stefnir.

Það er von mín og trú að við höfum náð fullum tókum á rekstri og afkoma þessa árs verði betri. Þá er rétt að nefna að fjárhagsstaða félagsins er traust. Samanlagðar skuldir félagsins vel innan við ásættanleg mörk og peningaleg staða félagsins jákvæð. Félagið er að standa við allar sínar skuldbindingar, þannig hefur það verið og mjög mikilvægt að tryggt sé að þannig verði það um ókomin ár.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi Breiðabliks á sl. rekstrarári fyrir vel unnin störf. Breiðablik er stór og mjög öflugt félag, það gerist ekki nema með mikilli og óeigingjarnri vinnu fjölmargra sjálfboðaliða. Sjálfboðaliðinn er hornsteinn félagsins. Og vil ég þakka honum sérstaklega. En þó svo

sjálfboðastarfið sé mikilvægt og ómetanlegt þá er ekki síður mikilvægt að hafa öflugt starfsfólk. Við höfum það – mjög öflugt starfsfólk, bæði góða þjálfara sem og fagfólk sem starfar á skrifstofu félagsins. Ekki má gleyma starfsfólkinu okkar sem vinnur í afgreiðslunni í Smáranum/Fífunni og á Kópavogsvelli sem sinnir sýnu starfi með hlýju og alúð svo eftir því er tekið. Öllu þessu frábæra fólki vil ég þakka ómetanlegt starf.

Þá vil ég þakk meðstjórnendum mínum í aðalstjórn fyrir gott samstarf á liðnu rekstrarári.

Áfram Breiðablik.

Sveinn Gíslason,

formaður aðalstjórnar

Skýrsla Íþróttaskóla 2018 – 2019

Íþróttaskóli Breiðabliks, fyrir börn fædd á árunum 2013 - 2017, var starfandi í vetur með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á eitt námskeið fyrir jól og annað eftir áramót. Íþróttaskólinn var vel sóttur þar sem 60 - 100 börn mættu á laugardagsmorgnum frá klukkan 10-12 í vetur. Það var afar ánægjulegt að sjá þessa góðu mætingu og sýnir að starfið fellur í góðan jarðveg bæði hjá börnum og foreldrum. Íþróttaskólinn er einmitt tilvalinn vettvangur til að undirbúa börn á þessum aldri fyrir hinar hefðbundnu íþróttagreinir með því að skapa þeim tækifæri til náms í hreyfi- og íþróttalíkum leikjum. Áherslupættir í starfinu eru fyrst og fremst að börnin upplifi jákvæð kynni af markvissri hreyfingu ásamt þáttum eins og að börnin öðlist meiri líkamsvitund, að efla sjálfstraust þeirra og þor, að þjálfa samhæfingu líkamans og efla tillitsemi, samvinnu og vináttu.

Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1994 og hefur ávallt verið lagður mikill metnaður í að hafa menntaða og/eða reynslumikla kennara.

Aðalsteinn Jónsson íþróttakennari, sem hefur séð um Íþróttaskólann síðastliðin 25 ár og Anna Rún læknanemi, sem hefur þjálfað þar í 10 ár, sáu um Íþróttaskólann í vetur ásamt öflugum leiðbeinendum. Þar að auki bættist Daði Rúnar Jónsson í hópinn en hann hefur séð um Íþróttaskóla FH í fjölmörg ár.

Skólinn hélt úti Facebooksíðu þar sem foreldrar og aðrir áhugasamir gátu nálgast upplýsingar varðandi starfið. Í ár var forráðamönnum boðið uppá að kaupa 10 tíma klippikort. Það fyrirkomulag naut mikilla vinsælda og börnin gátu því hagað sinni íþróttaiðkun eftir sínu höfði. Starfsfólk Íþróttaskólans er sammála um að kennslan hafi gengið afar vel í vetur. Aðstaðan er frábær og gott úrval áhalda. Starfsfólk Íþróttaskóla Breiðabliks þakkar aðalstjórn og starfsfólki Breiðabliks fyrir gott samstarf á liðnum vetri.

Með íþróttakveðju, Aðalsteinn Jónsson, Anna Rún, Daði Rúnar, Arndís og Margrét Tekla.

Eldri borgara leikfimin 2018 – 2019



Öldungastarfið heldur áfram að eflast eins og undanfarin ár. Hópurinn telur 46 manns og æfingasókn er að jafnaði 35 á hverri æfingu. Þeir sem ekki mæta á æfingu eru oftast en ekki á faraldsfæti.

Æfingar fara fram í karatesalnum og í Fífunni. Eins og ég hef áður bent á þá væri gott að fá eins og ¼ af stóra íþróttasalnum þótt ekki væri nema á annarri æfingunni þar sem nokkur þrengsli eru í karatesalnum.

Æfingar eru á þriðjudögum og föstudögum milli klukkan 9.30 til 11.00. Fólk gengur sjálfst sér til hita í Fífunni í 30 mínútur og síðan tek ég við í 60 mínútur.

Áherslan í þjálfuninni er einföld. Við þjálfum úthald, styrk og liðleika og notum þær aðferðir sem húsa- og tækjakostur bíður upp á. Eftir æfingu setjast menn niður, fá sér kaffi og ræða þjóðmálin og eftir föstudagsæfingarnar er kaffi og með því. Meðlimir hópsins

sjá sjálfir um að taka til kaffið. Hópurinn gerir margt fleira til að efla félagsandann. Það er til dæmis orðin hefð fyrir því að fara í mat í MK þar sem nemandi á matvælabraut halda okkur veislu. Félagslegi þáttur starfsins verður seint ofmetinn.

Ég hef fengið margar fyrirspurnir síðustu vikur og svo gæti farið að talsverð fjölgun yrði í hópnum næsta haust en við tókum sumarfrí 17. maí. Við því yrði að bregðast á einhvern hátt því að óbreyttu yrði snúið að taka við fleirum.

Nú í lok vetrarstarfsins vil ég þakka liðsmönnum samveruna svo og starfsmönnum Breiðabliks sem hafa ávallt stutt við bakið á okkur.

kveðja, Jón Sævar Þórðarson þjálfari

Skýrsla Getraunanevndar 2018 – 2019

Skýrsla Getraunanevndar 2018 – 2019
Getraunastarf félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Á laugardögum mæta margir eðal Blikar á milli 10 og 12 í tengibygginguna og reyna sig við getraunaseðilinn. Það var að kunnuglegur hópur sem sá um starfið og verið hefur undanfarin ár eða þeir Halldór Arnarsson, Björgvin Ingason og Sigurjón Sigurjónsson og okkar eina sanna Guðbjörg Hinriksdóttir snéri til baka úr veikindaleyfi sá um veitingarnar af sinni alkunnu snilld. Heldur hefur þó dregið úr starfinu að undanfögnu og ljóst að gera þarf átak til að koma þessum atburði aftur til vegs og virðingar. Tippkaffið er skemmtileg hefð og þótt hópurinn sé tryggur sem tekur þátt á hverju ári væri gaman að ná að breikka hópin á næsta tímabili því þetta er þetta tilvalin leið fyrir foreldra og aðra aðstandendur iðkenda til að kynast félaginu og

félagsstarfinu á annan hátt en á hliðarlínunni í leikjum. Þetta er án nokkurs vafa góður og skemmtilegur vettvangur til að koma saman og þetta hópin. Fífan er hjartað í félaginu yfir vetrartímamann og mjög oft eru leikir hjá meistaraflokkunum á sama tíma og getraunakaffið er þannig að það á að vera hægt að efla þetta enn frekar með samstilltu átaki. Getraunakaffið verður í gangi fram undir miðjan maí en þó getraunakaffið sé ekki í gangi yfir sumarið þá er um að gera fyrir alla sem vettlingi geta valdið að reyna sig við tippið og muna eftir að merkja við getraunanúmerið okkar 200. Við byrjum svo fersk að nýju fljótlega eftir að keppnin í enska boltanum hefst í haust.

F.h. Getraunanevndar,
Halldór Arnarsson

**Samstæðureikningur Breiðabliks
og
Ársreikningur Aðalstjórnar
2018**

Áritun stjórnar

Stjórn Breiðabliks ungmennafélags, staðfestir ársreikning þennan fyrir árið 2018 með áritun sinni:



Sveinn Gíslason
formaður


Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri


Asgeir Baldur
meðstjórnandi


Steini Þorvaldsson
meðstjórnandi


Halla Garðarsdóttir
varaformaður


Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
ritari


Björgvín Gestsson
meðstjórnandi


Eysteinn Pétur Lárusson
framkvæmdastjóri

Til stjórnar Breiðabliks ungmennafélags

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Breiðabliks ungmennafélags fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Breiðabliki ungmennafélagi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Breiðabliks ungmennafélags.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar. Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjálafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.


- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vikja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 30. apríl 2019.


Jón P. Hilmarsson
endurskoðandi

Yfirlýsing stjórnar

Kópavogi 30/4 2019

Stjórn Ungmennafélagsins Breiðabliks lýsir yfir að félaginu er ekki kunnugt um nein málaferli sem gætu haft veruleg fjárhagsleg áhrif á félagið.

Stjórnin telur að ekki leiki vafi á rekstarhæfi félagsins og engar blikur á lofti um framtíð þess.

Stjórn Ungmennafélagsins Breiðabliks

Sveinn Kristjánsson
Andri Snær Magnason
Asgeir Baldursson
Sveinn Þorsteinsson
Halla Garðarsdóttir
Bjarni Guðmundsson

Rekstrarreikningur 2018

	2018	2017
Rekstrartekjur:		
Framlög til reksturs mannvirkja.....	99.831.893	95.836.247
Styrkir frá Kópavogsbæ	10.615.275	12.504.605
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	445.563.602	412.468.580
Aðrir styrkir og framlög.....	59.497.290	35.423.983
Leigutekjur	12.637.423	12.681.421
Auglýsingatekjur.....	31.843.213	28.348.079
Æfingagjöld.....	159.234.313	139.616.638
Aðrar tekjur	221.962.462	250.414.464
Rekstrartekjur	1.041.185.471	987.294.017
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	440.310.667	391.549.089
Rekstur mannvirkja.....	13.220.993	14.099.399
Leiga íþróttamannvirkja.....	445.563.602	412.468.580
Búningar og íþróttahöld.....	9.409.631	12.167.571
Pátttaka í mótum.....	64.236.380	70.772.188
Önnur gjöld.....	70.837.631	71.884.914
Afskriftir.....	4.586.184	3.174.750
Rekstrargjöld	1.048.165.088	976.116.491
(Tap) / hagnaður af rekstri án vaxta.....	(6.979.617)	11.177.526
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	1.652.561	2.195.910
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(1.673.596)	(2.341.031)
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	0	(1.797.650)
Tapaðar viðskiptakröfur.....	(236.543)	(2.437.627)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(257.578)	(4.380.398)
(Tap) / hagnaður ársins.....	(7.237.195)	6.797.129

Efnahagsreikningur

	2018	2017
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	84.871.172	81.262.523
Fyrirframgreiddur kostnaður og birgðir.....	3.544.000	2.008.000
Útistandandi kröfur.....	45.209.121	60.637.285
Veltufjármunir alls	133.624.293	143.907.808
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir.....	36.321.935	60.774.199
Óhafnar tekjur.....	53.808.850	38.539.092
	90.130.785	99.313.291
Hreint veltufé	43.493.509	44.594.518
Peningaleg staða	43.493.509	44.594.518
Aðrir efnahagsliðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári.....	77.065.110	80.481.515
Keypt á árinu.....	0	1.520.011
Afskrifað á árinu.....	(4.586.184)	(3.174.750)
Breyting á árinu.....	(1.350.000)	(1.761.666)
	71.128.926	77.065.110
Eigið fé frá fyrra ári.....	(121.659.630)	(116.962.501)
Eignfærð leikmannakaup.....	(200.000)	2.100.000
Rekstur ársins tap / (hagnaður).....	7.237.195	(6.797.129)
	(114.622.435)	(121.659.630)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(43.493.509)	(44.594.518)
Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	44.594.519	36.480.983
Fjárfesting á árinu.....	1.550.000	(1.858.345)
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	(2.651.011)	9.971.880
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	43.493.509	44.594.518

Sjóðstreymi 2018

	2018	2017
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
(Tap) / hagnaður af reglulegri starfsemi	(7.237.195)	6.797.159
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	4.586.184	3.174.750
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	(2.651.011)	9.971.879
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	15.428.164	(13.743.516)
Birgðir, lækkun (hækkun)	(1.536.000)	6.532.585
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun) hækkun	(9.182.506)	25.571.136
Handbært fé frá rekstri	2.058.647	28.332.084
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting / selt á árinu	1.550.000	(1.858.345)
	1.550.000	(1.858.345)
Breyting á handbæru fé á árinu	3.608.647	26.473.739
Handbært fé í ársbyrjun	81.262.523	54.788.784
Handbært fé í árslok	84.871.172	81.262.523

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Gerð eru samstæðureikningsskil fyrir aðalstjórn og deildir. Í samstæðuuppgjöri hefur eignum og skuldum og tekjum og gjöldum innan samstæðunnar verið eytt.

Birgðir

2. Birgðir í árslok skiptast í birgðir vöru til endursölu, rekstrarvöru og búninga. Birgðirnar eru staðfestar með talningu og tekið hefur verið hæfilegt tillit til úreltra og gallaðra vara.

Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður

3. Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður í árslok hefur verið færður í rekstrar- og efnahagsreikning.

Útistandandi kröfur

4. Kröfur í árslok nema samtals kr. 45.209 þús, og hafa kröfur í árslok verið færðar niður vegna hugsanlegra vanhalds. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá útistandandi kröfum í efnahagsreikningi.

Innlausn tekna

5. Tekjur ársins eru miðaðar við almanaksárið og eru styrktarsamningar til lengri tíma en eins árs færðir í efnahagsreikning og tekjufærðir samkvæmt ákvæðum samninga eftir því hvenær tekjurnar falla til. Æfingagjöld eru lotuð miðað við áramót í frjálsípróttaeild, körfuknattleiksdeild, knattspyrnudeild og skiðadeild.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð

Vátryggingaverð fasteigna í þús. kr.:

	Vátryggingaverð	Fasteignamat
Smárin, félagsaðstaða	177.550	74.800
Skíðaskáli, 40% eignarhlutdeild	50.600	43.580

7. Sundurliðun einstakra rekstrarliða fylgir rekstrarreikningum deilda.

Rekstrarreikningar deilda árið 2018

	Aðalsjórn	Frjálsþrótt- deild	Hjálreiða- deild	Karatedeild	Konkspyrnu- deild	Kraftþýfinga- deild	Körfulnati- leiksdeild	Skákdeild	Skisíudeild	Sunddeild	Tæckwondo	Þrjúbrauta- deild	Leifbrétt milli deilda	ÁBs 2018
Tekjur	630.368,081	19.131,869	6.282,741	9.059,729	322.811,687	1.327,235	39.634,698	3.311,312	11.741,069	24.128,832	2.326,363	13.365,935	(40.794,674)	1.042.694,876
Gjöld	630.658,797	15.447,308	3.100,739	8.564,100	338.059,002	863,487	41.060,360	3.158,350	11.826,882	25.594,281	2.139,846	9.996,016	(40.794,674)	1.049.674,494
Hagnatur(tap) fyrir vexti	(290,716)	3.684,561	3.182,002	495,629	(15.247,315)	463,748	(1.425,662)	152,962	(85,813)	(1.465,449)	186,517	3.369,919		(6.979,618)
Fjármagnslöb	2.374,641	(641,686)	13,609	80,800	(765,476)	(3,944)	(1,192,332)	(2,284)	(54,216)	(54,853)	7,858	(19,695)		(257,578)
Hagnatur (tap) ársins	2.083,925	3.042,875	3.195,611	576,429	(16.012,791)	459,804	(2.617,994)	150,678	(140,029)	(1.520,302)	194,375	3.350,224	0	(7.237,195)

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn ársreikninga Ungmennafélagsins Breiðabliks, höfum yfirfarið ársreikninga Aðalstjórnar og deilda fyrir árið 2018.

Við höfum farið yfir stöðu skuldunauta og lánardrottna í árslok 2018, stöðu bankareikninga í árslok, birgðir í árslok, eigna- og fyrningaskrá 2018 og greiðslur til lífeyrissjóða vegna ársins 2018.

Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að ársreikningur Ungmennafélagsins Breiðabliks fyrir árið 2018 verði samþykktur.

Kópavogi 29-4-2019


Jóhann Geir Hardarson


Sigurjón Valdimarsson

Rekstrarreikningur 2018

	2018	2017
Rekstrartekjur:		
Framlög til rekstrar	99.831.893	95.836.247
Styrkir frá Kópavogsbæ	9.205.451	9.029.926
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	445.563.602	412.468.580
Leigutekjur	8.769.923	8.639.921
Auglýsingatekjur.....	15.332.244	14.083.079
Aðrar tekjur	51.664.968	46.695.362
Rekstrartekjur	630.368.081	586.753.116
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	111.058.780	98.688.801
Rekstur mannvirkja.....	13.220.993	14.099.399
Gjöld vegna afnota íþróttamannvirkja.....	445.563.602	412.468.580
Endurgreiddir styrkir til deilda	31.592.508	29.611.736
Önnur gjöld.....	26.119.873	29.656.650
Afskriftir.....	3.103.041	1.998.405
Rekstrargjöld	630.658.797	586.523.571
(Tap) / hagnaður af rekstri án vaxta.....	(290.716)	229.545
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	2.956.169	2.189.107
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(581.528)	(464.343)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.374.641	1.724.764
Hagnaður ársins.....	2.083.925	1.954.309

Efnahagsreikningur

Eignir:	2018	2017
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	42.024.897	36.000.994
Birgðir	2.986.000	2.008.000
Útistandandi kröfur.....	8.927.184	9.655.890
Deildir	2.532.502	1.931.225
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	2.597.496	2.345.930
Veltufjármunir alls	59.068.079	51.942.039
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir.....	14.107.329	15.151.060
Deildir.....	14.643.111	12.748.398
	28.750.440	27.899.458
Hreint veltufé	30.317.639	24.042.581
Langtímalíðir:		
Skuldabréfaeign.....	12.987.485	14.075.576
	12.987.485	14.075.576
Peningaleg staða	43.305.124	38.118.159
Aðrir efnahagslíðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári.....	53.236.134	54.115.148
Keypt á árinu.....	0	1.119.391
Afskrifað á árinu.....	(3.103.041)	(1.998.405)
	50.133.093	53.236.134
Eigið fé frá fyrra ári.....	(91.354.294)	(89.399.985)
Rekstur ársins, (hagnaður) / tap	(2.083.925)	(1.954.309)
	(93.438.219)	(91.354.294)
Aðrir efnahagslíðir nettó	(43.305.124)	(38.118.159)
Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	38.118.159	35.284.835
Fjárfesting á árinu.....	0	(1.119.391)
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	5.186.966	3.952.714
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	43.305.124	38.118.159

Sjóðstreymi 2018

	2018	2017
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	2.083.925	1.954.309
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	3.103.041	1.998.405
Verðbætur og gengismunur, (tekjur) gjöld	(1.509.406)	(950.706)
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	3.677.560	3.002.008
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	728.706	(2.465.305)
Deildir	1.293.436	6.019.328
Birgðir, lækkun (hækkun)	(978.000)	(658.000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun)	(1.043.731)	3.533.545
Handbært fé frá rekstri	3.677.971	9.431.576
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting	0	(1.119.391)
Afborgun langtímakrafna	2.345.930	2.210.115
	2.345.930	1.090.724
Breyting á handbæru fé á árinu	6.023.901	10.522.300
Handbært fé í ársbyrjun	36.000.994	25.478.694
Handbært fé í árslok	42.024.897	36.000.994

Sundurliðanir

	2018	2017
Framlög til rekstrar		
Rekstrar og þjónustusamningar	98.116.606	94.517.465
Framlag til viðhalds	989.227	494.782
Önnur framlög	726.060	824.000
	<u>99.831.893</u>	<u>95.836.247</u>
Styrkir frá Kópavogsbæ		
Iðkendastyrkir	9.205.451	9.029.926
Húsaleigustyrkir	445.563.602	412.468.580
	<u>454.769.053</u>	<u>421.498.506</u>
Leigutekjur		
Salarleiga	8.769.923	8.639.921
	<u>8.769.923</u>	<u>8.639.921</u>
Auglýsingatekjur		
Auglýsingaskilti	15.332.244	14.083.079
	<u>15.332.244</u>	<u>14.083.079</u>
Aðrar tekjur		
Vörusala samkeppnisrekstur	11.733.235	9.040.582
Tekjur vegna íþróttaskóla	4.897.883	5.109.701
Þátttaka deilda í kostnaði	10.711.572	9.869.208
Fjáraflanir	5.445.021	11.037.431
Lottó og Getraunir	11.422.057	10.738.440
Önnur framlög	7.455.200	900.000
	<u>51.664.968</u>	<u>46.695.362</u>
Laun og verktakagreiðslur		
Laun starfsmanna og þjálfara	90.143.311	82.398.737
Tryggingagjald	6.907.355	6.240.203
Dagpeningar	69.025	170.370
Lífeyrissjóður	10.854.446	8.585.148
Orlofs- og sjúkrasjóður	1.253.811	1.302.777
Akstur	790.000	1.680.957
Áfallið orlof	1.040.832	(1.689.391)
	<u>111.058.780</u>	<u>98.688.801</u>
Rekstur mannvirkja		
Leiga á íþróttamannvirkjum	445.563.602	412.468.580
Viðhald fasteigna	484.152	1.740.136
Viðhald áhalds og tækja	3.045.713	3.569.753
Hreinlætiskostnaður	1.859.290	1.846.423
Sorphirða	1.313.726	1.076.017
Öryggisþjónusta	1.405.739	1.906.734
Tryggingar	322.806	395.774
Annar rekstrarkostnaður	4.789.567	3.564.562
	<u>458.784.595</u>	<u>426.567.979</u>

- Aðalsjórn -

- Breiðablik Ungmennafélag -

Til deilda

Lottó	10.810.974	9.768.675
Getraunir	611.083	658.335
Iðkendastyrkir	9.205.451	9.029.926
Aðrir styrkir	10.965.000	10.154.800
	<u>31.592.508</u>	<u>29.611.736</u>

Önnur gjöld

Söluvörur		
Vörukaup	7.655.393	7.071.293
Birgðabreyting	(978.000)	(658.000)
	<u>6.677.393</u>	<u>6.413.293</u>

Skrifstofukostnaður

Pappír, prentun og ritföng	375.239	666.447
Reikningsskil	620.000	450.000
Sími	451.303	857.854
Póstburðargjöld	274.881	83.865
Fréttabréf og auglýsingar	697.130	1.069.881
Tölvukostnaður	3.048.354	5.302.798
Funda- og þingkostnaður	388.066	369.989
Námskeið	367.427	150.000
Styrkir	91.900	133.900
Akstur	700.854	562.380
Annar skrifstofukostnaður	613.843	1.211.371
	<u>7.628.997</u>	<u>10.858.485</u>

Annar kostnaður

Rekstur auglýsingaskiltis	33.100	536.350
Gjaldfærð áhöld	1.831.592	808.321
Þjónustugjöld VISA og EURO	111.167	124.217
Gjafir og skemmtanir	1.192.478	658.241
Kostnaður við fjáröflun	2.136.550	1.529.479
Fræðsluefni	0	1.581.525
Annar kostnaður	6.508.596	7.146.739
	<u>11.813.483</u>	<u>12.384.872</u>
	<u>26.119.873</u>	<u>29.656.650</u>

- Ársreikningur 31. desember 2018 -

- Allar tölur í íslenskum krónum -

Ársskýrslur deilda

Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks



Stjórn og nefndir

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks þann 12.04.2018 voru kjörnir fulltrúar í stjórn. Ágætis mæting var á fundinn en fleiri hefðu mátt láta sjá sig þegar kosið var í nefndirnar.

Ný stjórn var kosin fyrir starfsárið 2018-2019

Kristján Sigurgeirsson, formaður
Andrea Kristín Kristjánsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Pálsdóttir, ritari
Jón Bjarni Bragason
Smári Björn Guðmundsson

Í varastjórn voru kosin

Egill Eiðsson
Magnús Jakobsson

Í íþróttaráð voru kosin

Geirlaug B. Geirlaugsdóttir
Ingi Rúnar Kristinsson

Fulltrúi í aðalstjórn Breiðabliks

Frjálsíþróttadeildin hefur haft Stefán Ragnar Jónsson sem fulltrúa í aðalstjórn undanfarið.

Frjálsíþróttadeildin lagði til við aðalstjórn á síðasta ári að Geirlaug Geirlaugsdóttir fyrrverandi afrekskona í frjálsum íþróttum væri verðugur arftaki Stefáns. Geirlaug hefur sinnt æfingum innan deildarinnar ásamt því að eiga afreksiðkanda hjá Breiðablik. Geirlaug hefur mikla reynslu af keppnum bæði í innlendum og á erlendum mótum. Hún þekkir störf frjálsíþróttahreyfingarinnar vel og er vel inni þeim áherslumálum sem frjálsíþróttir þurfa að koma að og halda á lofti. Því miður varð ekki úr því að Geirlaug var valin í hóp þeirra sem eru í aðalstjórn núna. Mikið hallar á að rétt kynjahlutfall sé innan aðalstjórnar og er það bagalegt að einungis sé ein kona þar núna. Eðlilegast er að hafa öll hlutföll jöfn hvort sem er kynjahlutföll eða hlutföll þeirra deilda sem eru að iðka íþróttir undir merkjum Breiðabliks í aðalstjórn.

Þjálfarar og íþróttastefna

Alberto Borges Moreno þjálfar 8-9 ára, 10-11 ára og 12-14 ára iðkendur. Sveinn Sampsted þjálfar 15-16 ára og þjálfari yngsta iðkendahópsins 6-7 ára er Hjörtur Ívan Sigbjörnsson. Alberto Borges og Jón Bjarni Bragason sjá um

Þjálfun elsta hóp iðkenda sem er 17 ára og eldri. Æfingarnar eru alla virka daga vikunnar og byrja hjá yngri hópum kl 15:00 og standa yfir til 19:00, þá mismunandi eftir aldurshópum. Einnig eru æfingar hjá eldri iðkendum á laugardögum kl. 11:00-13:00.

Breiðablik hefur breytt úrval sérgreina-þjálfara undir sínum böndum sem styrkja þjálfun iðkenda til muna. Geirlaug Geirlausdóttir sér um sprett-hlaup, Egill Eiðsson um grindahlaup og Stefán Ragnar Jónsson um kastgreinar. Eins hefur Birna Kristín Kristjánsdóttir aðstoðað við þjálfun á 15-16 ára hópnum með Sveini. Í öðrum sérgreinum höfum við verið í samstarfi með ÍR-ingum með þjálfun, þar sem iðkendur þrautahópsins hafa notið góðs af og eins iðkendur í stangarstökki.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur Breiðablik yfir að ráða færur og góðum þjálfurum, þar með talið einum best menntaða þjálfara landsins ásamt öðrum reynsluboltum. Frjálsíþróttir er sú íþróttgrein sem býður flestum tækifæri að stunda líkamsrækt og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem er til eigin framfara eða afreka. Grunnatriði frjálsíþróttar er því sem næst hægt að æfa hvar sem er með tiltölulega lítilli aðstöðu og búnaði. Allir geta verið með og allir fá tækifæri við sitt hæfi. Auk þess bjóða frjálsíþróttir upp á góða þjálfun og ná æfingarnar til allra lykilatriða í þroska og hreyfifærni barna og unglunga. Kennsla í tæknigreinum eru samkvæmt bókinni eftir (Harald Muller and Wolfgang Ritzdorf, 2009). Miðað er við að þjálfun barna og unglunga byggist á hugmyndafræði IAAF um Krakkafrjálsar (Kids Athletics) og að frjálsíþróttir verði kynnt sem úrvalstækifæri til árangurs og aukinna lífsgæða.

Helstu viðfangsefni á árinu

Starfsárið 2018-2019 hefur verið viðburðaríkt og gefandi. Iðkendur

deildarinnar eru 154 á árinu og hefur bæst í hópinn frá fyrra ári. Yngri flokkarnir hafa aldrei verið fjölmennari og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Keppendur Breiðabliks hafa sópað til sín samtals 85 Íslandsmeistaratitlum á árinu. Auk þess unnu þeir stigabikara innanhúss í flokkum 14 ára stráka og 11 ára stelpna og utanhúss í flokkum 16-17 ára stúlkna, 19-22 ára stúlkna og 19-22 ára pílta. Breiðablik eignaðist einnig þrjá Norðurlandameistara á árinu og landsliðsfólkið okkar keppti víða á alþjóðlegum mótum. En viðfangsefni deildarinnar eru fjölbreytt og hér á eftir verður stiklað á stóru.

Annáll

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks byrjaði nýtt starfsár á því að halda Kópavogsmarabon 19. maí 2018. Metþáttaka var í hlaupinu og almenn ánægja með framkvæmdina. Kópavogsmarabonið er komið til að vera og ætlunin er að byggja það upp og stækka áfram á komandi árum. Hlaupið er ungt og við gerum ráð fyrir því að mikið eigi eftir að bætist í þátttöku í hlaupinu þegar við berum okkur saman við önnur hlaup og þá aukningu sem hefur verið í þeim hlaupum.

Í júní fór utanhúss keppnistímabilið á fullt með meistaramótum allra aldursflokka. Blikar stóðu sig með mikilli þrýði á öllum þessum mótum og margir titlar og met féllu. Irma Gunnarsdóttir varð Norðurlandameistari í sjöþraut 22 ára og yngri þegar hún sigraði með yfirburðum á NM í fjölþrautum. Á þjóðhátíðardaginn 17. júní stóð frjálsíþróttadeildin fyrir keppnishlaupi fyrir börn í 6. bekk og yngri á Kópavogsvelli. Hlaupið var vel sótt og mikil og góð fjölskyldustemning ríkti.



Í júlí sendum við tvo keppendur á Norðurlandamót öldunga í Svíþjóð. Jón Bjarni Bragason kom heim með fimm Norðurlandameistararitla í flokki 45-49 ára, og Stefán Ragnar Jónsson náði sér í einn titil í flokki 40-44 ára. Auk þess tóku keppendur í meistaraflokki þátt í Meistaramóti Íslands, en það var haldið samhliða Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki. Lið Breiðabliks náði 3. sæti á mótinu.

Breiðablik sá síðan um framkvæmdina á Bikarkeppni FRÍ, en mótið fór fram í Borgarnesi. Á því móti varð þriðja sætið aftur hlutskipti okkar fólks. Í lok mánaðarins fengu iðkendur okkar fyrirlestur frá Hreiðari Haraldssyni íþróttasálfræðingi. Ágúst var viðburðaríkur mánuður hjá Frjálsíþróttadeildinni. Hann hófst með Unglingalandsmóti UMFÍ en þangað mætti glæsilegur hópur frá Breiðabliki. Okkar fólk gekk inn á völinn undir merkjum Breiðabliks í fyrsta skipti á setningarathöfn mótsins. Meistaramót Íslands 15-22 ára sem fram fór í ágúst var gott mót fyrir Blika. Þaðan komum við með þrjá stigabikara, í flokki 16-17 ára stúlkna, 19-22 ára stúlkna og 19-22 ára pílta.



Í ágúst fór landsliðsfólkið okkar í keppnisferðir út fyrir landsteinana. Irma Gunnarsdóttir keppti í langstökki og kúluyarpi á Norðurlandamóti U23 ára. Á Norðurlandamóti U20 ára keppti Birna Kristín Kristjánsdóttir í 100 m. hlaupi og langstökki og Sara Hlín Jóhannsdóttir í 400m grindahlaupi. Þar náði Birna Kristín 3. sætinu í langstökki í flokki 16-17 ára stúlkna. Birna átti síðan eftir að setja íslandsmet á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki.

Síðast en ekki síst ber að nefna Sindra Hrafn Guðmundsson sem keppti í spjótkaсти á Evrópumótinu í Berlín.



Stór hópur á vegum deildarinnar tók að sér ýmis störf í kringum Reykjavíkurmaraþonið, en það er einn af föstum liðum í starfi deildarinnar og hefur verið það um áraradur.

Breiðablik hélt hið árlega beggja handa kastmót á Kópavogsvelli þann 22. ágúst. Mótið er einstakt hér á landi og hefur markað sér fastan sess hjá frjálsíþróttafólki landsins. Mótið er einstaklega skemmtilegt því þar reynir á kaststyrk í báðum höndum. Leiða má líkur að því að þetta hafi verið síðasta frjálsíþróttamótið sem haldið verður á Kópavogsvelli í bili, því ástand vallarins býður ekki upp á mótahald á næstunni.

Í september síðastliðinn stóð deildin fyrir hinu árlega Hjardadagshlaupi. Hlaupið fór sérstaklega vel fram og þátttaka fór langt fram úr væntingum. Frítt er í hlaupið og er megináherslan lögð á að hlauparar hlaupa sér til heilsubótar á alþjóðlega hjarta-deginum.

Frjálsíþróttadeildin sá um fyrstu Biathlon æfingamótin hér á landi í Skotmóum við stúkuna á Kópavogsvelli. Keppnin var haldin í samstarfi við UMSK. Keppnin fór fram í byrjun ágúst og einnig í september vegna mikilla ánægju og eftirspurnar þátttakenda. Var almenn ánægja með þessi nýju og skemmtilegu keppnisgrein. Stefnt er að því að byrja með mótarið í Biathlon sumarið 2019 og er búið að undirbúa jarðveginn fyrir komandi keppnisumar. Áður hafði UMSK haldið Biathlon keppni á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki þar sem Breiðablik sá um að aðstoða við keppnishald.

Í september fóru einnig þrír af þjálfurum deildarinnar á tveggja daga námskeið á vegum alþjóðlega frjálsíþróttasambandsins, IAAF. En þjálfararnir náðu sér þar í CECS Level 1 þjálfararéttindi.

Merkasta afrek Blika í september var þó bronsverðlaun Jóns Bjarna Bragasonar á Heimsmeistaramóti öldunga í kastþraut, en mótið fór fram á Spáni.

Í október tóku yngri iðkendur okkar, 14 ára og yngri þátt í Bronsleikum ÍR. Þetta var fyrsta innanhússmót tímabilsins hjá yngri flokkum og þátttakan var mjög góð hjá okkar fólki. Þarna byrjuðum við að sjá hina miklu fjölgun iðkenda skila sér á mótin. Frjálsíþróttadeildin stóð einnig fyrir skólahlaupi UMSK á Kópavogsvelli. Í hlaupinu taka þátt nemendur í 4.-7. bekk úr Kjalarnesþingi. Hlaupið í ár var vel heppnað og mikill fjöldi mætti til að reyna sig.

Í lok mánaðarins fór meistaraflokkurinn í æfingaferð til Víkur í Mýrdal yfir helgi. Þar nutu þau góðs af íþróttaaðstöðunni sem þar er fyrir hendi auk þess sem ferðin er mikilvægt hópefli.



Í nóvember fengu iðkendur meistaraflokks spænskan þjálfara í fremstu röð, Sergio Berbegal í heimsókn. Sergio stýrði tveimur æfingum og gaf okkar fólki þar góð ráð. Að lokum hélt hann svo fyrirlestur fyrir iðkendur okkar í Smáranum.

Silfurleikar ÍR fóru fram í nóvember og enn mátti sjá fjölgun í skráningum Breiðabliks til leiks.



Í desember tóku Blikar, stórir og smáir þátt í aðventumóti Ármanns og voru félagi sínu til sóma eins og alltaf.

Uppskeruhátíð frjálsíþróttadeildarinnar fór fram 29. desember. Þá heiðruðum við afreksfólkið okkar og útnefndum frjálsíþróttamann og konu ársins. Frjálsíþróttakona Kópavogs árið 2018 var Irma Gunnarsdóttir og Frjálsíþróttamaður Kópavogs var Sindri

Hrafn Guðmundsson. Auk þess voru frjálsíþróttanglingar Kópavogs útnefnd. Þau Birna Kristín Kristjánsdóttir 17 ára og Markús Birgisson 14 ára.



Örfáum klukkutímum áður en áramótin liðu höfðu sjálboðaliðar deildarinnar verk að vinna sem var að taka á móti erlendum gestum sem komu í rútufermum til okkar að sjá áramótabrennuna og glæsilega flugeldasýningu sem skotin var upp við endann á Skotmóum. Það komu rúmlega 800 glaðir og sælir ferðamenn til okkar í Smáran eftir að hafa notið útiverunnar og gæddu sér á veitingum sem fram voru bornar.

Nýtt ár byrjaði með nýjum mótum og nú var komið að Stórmóti ÍR en þar setti Agla María Kristjánsdóttir mótismet í þrítökki stúlkna 16-17 ára. Á Meistaramóti Íslands 15-22 ára innanhúss varð Breiðablik Íslandsmeistari í flokki 20-22 ára pílta. Félagið varð í fjórða sæti í heildarstigakeppninni. Irma Gunnarsdóttir setti mótismet í þrítökki stúlkna 20-22 ára. Í janúar var einnig haldinn fjölmennur kynningarfundur fyrir foreldra yngri iðkenda, en fjölgunin hafði verið slík á haustmánuðum að það þótti aðkallandi að kynna starf deildarinnar betur fyrir nýjum foreldrum.

Í febrúar fóru svo fram meistaramót Íslands innanhúss í öllum flokkum. Blikar stóðu sig almennt vel á þessum mótum, og stóð 11-14 ára mótið upp úr. Þangað mættum við með okkar

stærsta keppnislið í áraraðir og höfnuðum í öðru sæti í stigakeppninni. Breiðablik varð Íslandsmeistari í flokki 11 ára stúlkna og 14 ára stráka. Á meistaramóti Íslands í fjölþrautum varð Júlía Kristín Jóhannesdóttir Íslandsmeistari í fimmtarþraut stúlkna 15 ára og yngri.



Aðalhluti meistaramóts Íslands fór fram í Kaplakrika 22. og 23. febrúar. Breiðablik var framkvæmdaraðili mótsins og tókst skipulagning mótsins vel. Keppendur Breiðabliks náðu 3. sæti í stigakeppni mótsins.

Í mars fór svo fram bikarkeppni FRÍ innanhúss og enn var Breiðablik í 3. sæti á eftir ÍR og FH. Um sama leiti fór fram Bikarkeppni 15 ára og yngri sem Breiðablik sendi einnig lið á.

Hópur iðkenda í meistaraflokki tóku að sér vinnu að beiðni UMSK við að koma upp æfingaaðstöðu í nýjum sumarþúðum UMFÍ á Laugarvatni í marsmánuði og vonumst við til með að njóta góðs af þeirri aðstöðu til æfingaferða í framtíðinni.

Blikar eiga 6 frjálsíþróttamenn sem hafa verið valdir í úrvalshóps FRÍ þau eru Hlynur, Sara Hlín, Birna kristín, Agla María, Arnór og Katla. Til þess að komast í hópinn þurfa þau að hafa náð lágmarksárangri og hafa þá möguleika á að taka þátt í evrópskum

mótum. Í mars og apríl hefur farið mikið fyrir vinnu við aðstöðumál deildarinnar og verður sú vinna reifuð í sérstökum kafla.



Árið hefur verið gjöfult og skemmtilegt hjá frjálsíþróttadeildinni. Á ýmsan hátt hefur þetta verið ár yngri flokkanna, þar sem vöxtur þeirra hefur haft mikil áhrif á daglegt starf deildarinnar. Þrátt fyrir bagarlega aðför að aðstöðumálum frjálsíþróttadeildarinnar þá er framtíðin björt fyrir frjálsíþróttadeild Breiðabliks og vonumst við til þess að aðstöðumál deildarinnar eigi meira upp á pallborð þeim sem stýra þeirri umgjörð.

Fjármál

Rekstur deildarinnar var jákvæður síðasta rekstrar ár og er það aftur núna í ár. Það eru tvö megin atriði sem hafa verið að skila miklum árangri í rekstri deildarinnar. Það eru annars vegar auglýsingatekjur og hins vegar breyting á rekstri þjálfara innan deildarinnar. Varðandi auglýsingarnar er það helst að nefna samningur sem var gerður við Lindex. Má þess geta að full innkoma af þessum samningi kemur ekki inn fyrir en rekstrarárið 2018. Stjórnarmenn hafa komið að viðræðum við fleiri styrktaraðila og vonumst við að geta gert samninga við önnur fyrirtæki á komandi árum. Með hagræðingu í launum til þjálfara hefur sá kostnaðarliður lækkað og opnað hefur verið á að hægt er að lækka

launakostnaðinn enn meira þegar vindar haga því til.

Í síðustu skýrslu stjórnar var það nefnt að ekki hafi verið farið markvisst í þá vegferð undanfarin ár í að ná í styrktaraðila til þess að ganga á uppsafnaða skuld sem hefur hangið yfir deildinni í mörg ár. Er það ennþá mat fráfarandi stjórnar að ef ekki verði felld niður 8m.kr fortíðar draugur sem liggur á deildinni og hamlar því að ekki er hægt að gera iðkendum eins mikil skil og hægt væri. Muni það halda aftur af deildinni í að hafa umgjörð um þjálfara og iðkendur sem besta, sem er miður Tekjur jukust úr 18,1m. kr í 19.1m. kr. milli ára. Liggur það í aukinni innkomu á æfingagjöldum frá iðkendum milli ára. Eins er afgangur af launakostnaði til þjálfara að skila sér og er enn meiri sóknarfæri í kostnaði við þjálfun. Litlar tekjur af mótum hafa verið þetta rekstrar ár deildarinnar þar má bæta úr málum og halda fleiri mót.

Eins og hefur verið nefnt áður þá eru aðrar fjáröflunarleiðir deildarinnar bílastæðagæsla, móttaka erlendra gesta sem koma til þess að horfa á áramótabrennur og flugeldasýningar. Á hverju ári hefur frjálsíþróttadeildin mannað drykkjarstöðvar og sinnt brautargæslu í Reykjarvíkurmaraþoni og haldið Hjartadagshlaupið. Sú fjáröflun sem á sér stað yfir árið skilar sér í kaupum á áhöldum, fyrirlestrum fyrir iðkendur og til þessa að styrkja iðkendur í t.d æfingaferðum ofl. Ekki má gleyma þeim iðkendum sem leggja ómælda vinnu á sig þegar óskað er eftir hjálp frá þeim og ber þeim að þakka sérstaklega fyrir það.

Aðstöðumál

Mikið hefur farið fyrir umræðum um aðstöðumál á síðasta starfsári. Í kjölfar framkvæmda við gervigras á Kópavogsvelli er illa komið fyrir utanhússaðstöðu deildarinnar. Þegar þetta bætist ofan á óánægju vegna óviðunandi innanhússaðstöðu verður

eðlilega talsverður óróleiki í hópi iðkenda, þjálfara, foreldra og annarra velunnara. Þrýstingur á stjórnina hefur verið mikill úr grasrótinni að gera eitthvað í máluðum. Í apríl var brugðist við því ákalli. Stjórnin og fulltrúar foreldra komu af stað undirskriftalista sem ætlunin er að nýta til að setja þrýsting á bæjaryfirvöld ef þörf krefur. Með dyggum stuðningi aðalstjórnar er nú búið að taka aðstöðumál deildarinnar á dagskrá og von er á úrbótum utanhúss á næstu vikum. Hvað innanhúsaðstöðuna varðar er ljóst að við hana verður ekki unað mikið lengur. Nauðsynlegt er að allir sem að frjálsíþróttadeildinni komi sýni samstöðu í áframhaldandi vinnu við það mál.

Lokaorð

Árangur iðkenda þetta árið hefur verið frábær eins og síðustu ár. Persónulegar bætingar iðkenda á mótum er það sem er mest hvetjandi fyrir efnilega iðkendur og fær þá til að stunda æfingar af natni. Árangur og geta er farin að sýna sig tölulega þegar farið er að rýna í árangur frá fyrri árum, sér í lagi í samanburði við okkar helstu keppinauta.

Hópurinn er undir handleiðslu Alberto Borges sem hefur einstakt lag á að ná til ungra iðkenda ásamt foreldrum

þeirra og gerir þeim góð skil. Iðkendahópur frjálsíþróttadeildar Breiðabliks er ungur og fer stækkandi. Fjölgun iðkenda hefur verið jöfn á árinu. Aðstaðan sem við höfum fyrir iðkendur er farin að þrengja mikið að okkur í Fífunni og þörf er á gagngerrí endurskoðun aðstöðumála á næstu misserum. Aðstöðumálin er það sem stendur frjálsíþróttadeildinni fyrir þrifum. Lítil og þröng aðstaða þýðir lítil og takmarkaður hópur sem getur verið við æfingar. Ef frjálsíþróttadeild Breiðabliks hefði sömu aðstöðu og okkar aðal keppinautar þá færi Breiðablik með sigur af hólmi í flestum ef ekki öllum keppnum sem haldnar eru á hverju ári. Er þetta sagt með samanburð af fjölda þeirra sem iðka frjálsar íþróttir hjá þeim félögum sem eru með viðunandi aðstöðu hjá sínu félagi. Ef við fáum viðunandi aðstöðu þá fjölgum við iðkendum, skorum fleiri stig og verðum alltaf í (fyrsta) efstu sætunum.

Stjórn deildarinnar þakkar iðkendum, þjálfurum, foreldrum og sjálfboðaliðum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

f.h. frjálsíþróttadeildar Breiðabliks,
Kristján Sigurgeirsson

Ársskýrsla Hjólreiðadeildar Breiðabliks



Hjólreiðadeild Breiðabliks var stofnuð árið 2016 og hélt síðast aðalfund 4. apríl 2018 þar sem eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn:

Hákon Hrafn Sigurðsson, formaður
Margrét Ágústsdóttir, gjaldkeri
Rannveig Guicharnaud, ritari

Meðstjórnendur:

Ingvi Júlíus Ingvason
Viðar Bragi Þorsteinsson
Varamenn í stjórn:
Jón Ingi Sveinbjörnsson
Sæþór Ólafsson

Starfsemin

Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Þjálfun í nýrri aðstöðu á nýjum IC8 hjólum hófst í lok janúar og var það í samstarfi við þríþrautardeild Breiðabliks. Hjólað var inni kl 20 á þriðjudögum og fimmtudögum og stelpuþímar voru á mán-mið og föstudögum.

Þetta var fyrsta árið þar sem deildin innheimti sjálf æfingagjöld og hélt út eigin æfingum.

Um vor og sumar var boðið upp á 4 æfingahópa eða námskeið.

A. Barnanámskeið á vegum Breiðabliks (2x1 vika).

Umsjónarmaður var Sæþór auk aðstoðar frá Kópavogsbæ.

B. Fjallahjólánámskeið fyrir unglunga í 8 vikur. Umsjónarmenn voru Sæþór og Rob auk þess sem Ingvar kom á nokkrar æfingar.

C. Æfingar fyrir almenning, 10 vikna námskeið sem hófst í byrjun maí. 20 nýir meðlimir skráðu sig í þann æfingapakka

D. Æfingar fyrir keppnishóp

Um haustið hófst nýtt æfingatímabil inn í Sporthúsinu. Hjólreiðadeildin keypti sín fyrstu hjól fyrir æfingagjöld fyrra árs og þríþrautardeild og Sporthúsið keyptu einnig fleiri hjól þannig að úr varð salur með 25 hjólum. Upphaflega átti að bjóða upp á þrjá æfingatíma á þriðjudögum og fimmtu-

dögum í samstarfi við þríþrautar-deildina og einn tíma á laugardögum fyrir hjólreiðadeild og auka tíma á sunnudögum. Mikil fjölgun varð í deildinni í haust og því var tímum fjölgað í 5 á þriðjudögum og fimmtudögum og í 2 á laugar-dögum. Um 100-120 æfa að jafnaði á virkum dögum í Sporthúsinu og 40-50 á laugardögum. Um 130 félagsmenn eru nú í deildinni.

.Starfsmannamál

Hjólreiðadeildin réð nokkra þjálfara sem hafa séð um að búa til prógram og stýra inni- og útiæfingum. Þjálfarar vetur 2018 voru Hákon Hrafn Sigurðsson, Viðar Brafi Þorsteinsson, Margrét Pálsdóttir, Rannveig Guicharnaud auk nokkurra hjólara sem hafa tekið eina og eina æfingu. Um sumarið tóku 10 manns þátt í að leiða námskeið fyrir almenning.

Í haust bættust svo nokkrir nýir þjálfarar við en það voru Silja Úlfarsdóttir, Júlíana Þóra Hálfánardóttir, Hjalti G. Hjartarson, Jón Ingi Sveinbjörnsson, Fannar Gíslason, Guðmundur Sveinsson og auk þess Margrét Ágústsdóttir og Halldóra Gyða Matthíasdóttir á sunnudögum.

Hjólreiðakeppnir og verðlaun

Deildin hélt eina keppni á árinu 2018 en það var vortímataka Breiðabliks. Fresta þurfti keppninni vegna veðurs (annað árið í röð) og dró það úr þátttökunni.

Nokkrir meðlimir deildarinnar kepptu á Íslands- og bikarmótum HRÍ (Hjólreiðasamband Íslands) og eignaðist deildin alls 3 Íslandsmeistara sem náðu 6 Íslandsmeistaratitlum.

Ingvar Ómarsson með 4 titla, Íslandsmeistari í götu hjólreiðum, olympískum fjallahjólreiðum, maraþon fjallahjólreiðum og cyclocross.

Rannveig Guicharnaud Íslandsmeistari í tímatöku.

Rúnar Örn Ágústsson Íslandsmeistari í tímatöku.

Auk þess varð Hákon Hrafn Sigurðsson bikarmeistari í tímatöku..

Landslið

Nokkrir hjólreiðamenn úr Breiðablik hafa verið í landsliði HRÍ. Helst ber að nefna Ingvar sem tekur þátt í atvinnumannakeppnum á vegum UCI (Alþjóða hjólreiðasambandið). Einnig hafa Rannveig, Margrét, Rúnar, Hákon, Stefán Orri, Sigurður Örn, Brynjar og Kristófer tekið þátt í landsliðsæfingum og verkefnum

Heimasíða

Fréttir frá deildinni fóru inn á <https://breidablik.is/hjolreidar/> og inn á facebooksíðu deildarinnar <https://www.facebook.com/breidablikhjол/> svo eru við einnig með Instagram síðu https://www.instagram.com/breidablik_hjol/

Viðurkenningar

Ingvar Ómarsson var í 10 manna vali á íþróttamanni Kópavogs. Ingvar var valinn hjólreiðamaður ársins (6. árið í röð) hjá HRÍ.

Rannveig Anna Guicharnaud og Ingvar Ómarsson voru valin hjólreiðafólk Breiðabliks árið 2018

Hákon Hrafn Sigurðsson, formaður Hjólreiðadeildar.

Ársskýrsla Karatedeildar Breiðabliks



Í stjórn deildarinnar 2018 voru:

Sigþór Samúelsson, *formaður*
Blær Guðmundsdóttir, *varaformaður*
Valgerður Helga Sigurðardóttir,
gjaldkeri
Gaukur Garðarsson, *meðstjórnandi*
Birgir Páll Símonarson, *meðstjórnandi*.

Stjórnarfundir voru haldnir eins og þurfa þótti og verkaskipting var með ágætum.

Eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar um vorið 2018 var að huga að nýliðun og brottfalli. Nýliðun undanfarin ár hefur ekki verið nægilega góð og brottfall of mikið. Farið var í markvissar markaðsaðgerðir í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Nýtt af nálinni var Karateskólinn fyrir elstu börnin í leikskóla og heppnaðist það mjög vel.

Árangurinn hingað til er 100 nýir iðkendur og brottfall milli fór úr 21% niður í 8,4%. Barnahópar eru með því mesta sem verið hefur, unglingshópar hafa styrkst verulega og Meistaraflokkur/Fullorðnir er fjölmennur.

Við fjölgunum þjálfurum á haustönn og aftur á vorönn – fjölgunum æfingum töluvert mikið bæði fyrir Meistaraflokk sem og yngri flokka. Vorum t.d. með keppnisæfingar í kata og kumite fyrir eldri börn og unglingshópa og styrktaræfingar fyrir 12 ára og eldri tvisvar í viku.

Áskoranir eru margar þegar fjöldi iðkenda vex svona hratt og þurftum við að bregðast við og læra af reynslunni sér í lagi þegar aðstaðan býður ekki upp á mikinn sveigjanleika. Kostnaður á haustönn vegna markaðsátaks, stækkun þjálfarahópsins, metnaðarfullar sumaræfingar og svo aukin þjónusta við iðkendur var töluverður. Hagnaður var á rekstri deildarinnar 2018 og staðan almennt góð.

Árið er búið að vera viðburðaríkt og deildin tekið þátt í fjölmörgum mótum hér heima og erlendis. 16 gull, 26 silfur og 72 brons á Íslandsmeistaramótum, Bikarmótum, Fjörkálfamótum og RIG. Að ógleymdum fjáröflunarsjoppum, bíóferðum, keilu, vanaæfingum, Gautaborg, skemmtiferð, fjölskylduæfingu og margt margt fleira.

Deildin á fulltrúa í landsliði KAÍ í kata og unglingslandliði KAÍ í kata og kumite.

Það eru mörg verkefni framundan og mikilvægt að halda áfram að hlúa að meginstöðum deildarinnar – iðkendum, þjálfurum, aðstöðu og þátttöku foreldra. Deildin verður 35 ára 2019 og er það gott tilefni til þess hlúa enn frekar að starfinu, byggja upp og gera góða deild enn betri.

f.h. stjórnar

Sigþór Samúelsson, formaður.

Iðkendum

Iðkendum hefur farið fækkandi undanfarin ár, sífellt meiri samkeppni er um iðkendum og framboð af hreyfingu er meiri. Brottfall eftir vorönn 2018 var 20% og 77 iðkendum sem mættu til leiks á haustönn 2018. Nýliðun veturinn 2018-2019 var um 100 nýir iðkendum – lang mest börn - og sjaldan ef ekki aldrei verið betri.

Námskeið

Að venju var karatedeildin með sumarnámskeið og gekk það þokkalega. Arna Katrín Kristinsdóttir og Jóhannes Felix Jóhannesson sáu um það námskeið. Stefnun á að halda sumarnámskeið i samstarfi við Kópavogsbæ núna í sumar.

Þjálfarar

Við höfum yfir góðum hópi þjálfara að ræða sem eru vel menntaðir í karate. Yfirþjálfari/Sensei er Vilhjálmur Þór Þóruson, 3.dan, Svana Katla Þorsteinsdóttir, 2.dan, Arna Katrín Kristinsdóttir, 1.dan, Móey María Sigþórsdóttir McClure, 1.dan, Jóhannes Felix Jóhannesson 1. Dan, Guðbjörg Birta Sigurðardóttir 1. dan, og Natalía Ýr Hjaltadóttir 1. dan.

Skiptir sköpum að byggja upp góðan kjarna af þjálfurum því framundan eru áskoranir sem fylgja örum vexti.

Æfingabúðir

Deildin tekur þátt í æfingabúðum á vegum Shotokan Sambands Íslands.

Æfingabúðir voru haldnar í apríl 2018 með yfirþjálfara WTKO, Sensei Richard Amos, sem auk þess að hafa æfingabúðir, gráðaði nokkra einstaklinga upp í svart belti en það voru Elís Þór Traustason, Guðbjörg Birta Sigurðardóttir, Jóhannes Felix Jóhannesson, Hlynur Bjarnason og Tómas Aron Gíslason.

Viðurkenningar

Fyrir árið 2018 hlutu nokkrir einstaklingar viðurkenningar. Á íþróttahátíð Kópavogs fengu Tómas Pálmar Tómasson og Móey María Sigþórsdóttir McClure viðurkenningu fyrir góðan árangur í aldurshópnum 13-16 ára. Í aldurshópnum 17 ára og eldri var Svana Katla Þorsteinsdóttir tilnefnd sem fyrir Íþróttakonu Kópavogs.

Á aðalfundi Breiðabliks árið 2018 var Helgi Jóhannesson útnefndur Heiðursblikki fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar um árabíl og Karatedeildin var valin deild ársins 2017 og það í fjórða skiptið.

Erlend verkefni

Á árinu 2018 átti deildin nokkra einstaklinga sem tóku þátt í landsliðsverkefnum. Þetta voru þau Svana Katla Þorsteinsdóttir, Móey María Sigþórsdóttir McClure, Arna Katrín Kristinsdóttir, Tómas Aron Gíslason, Tómas Pálmar Tómasson, Bjarni Hrafnkelsson og Samúel Týr Sigþórsson McClure.

Árangur deildarinnar

Karatedeildin státar af flottum hópi keppenda sem ýmist keppir í kata eða kumite, sumir í báðum greinum. Styrkur deildarinnar hefur frekar legið í keppni í kata og höfum við átt góðum árangri að fagna þar síðustu ár. Hér á eftir er yfirlit yfir árangur deildarinnar fyrir keppnisárið 2018:

Keppandi	Mót	Flokkur	Dags	Sæti
Svana Katla Þorsteinsdóttir	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	16.11.2018	1
Arna Katrín Kristinsdóttir	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	25.2.2018	2
Laufey Lind Sigþórsdóttir Mcclure	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	17.3.2018	2
Jóhannes Felix Jóhannesson	Bikarmót KAÍ	Kata karla	25.2.2018	3
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	25.2.2018	3
Jóhannes Felix Jóhannesson	Bikarmót KAÍ	Kata Karla	17.3.2018	3
Arna Katrín Kristinsdóttir	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	17.3.2018	3
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	17.3.2018	3
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Bikarmót KAÍ	Kata kvenna	16.11.2018	3
Arna Katrín Kristinsdóttir	Bikarmót KAÍ	Kumite kvenna	25.2.2018	3
Arna Katrín Kristinsdóttir	Bikarmót KAÍ	Kumite kvenna	17.3.2018	3
Ísak Breki Ólafsson	Gothenburg	KATA BOYS 10 YEARS	2.6.2018	3
Arey Amalía Sigþórsdóttir Mcclure	Gothenburg	Kata Girls 9 Year	2.6.2018	3
Tómas Pálmar Tómasson	Gothenburg	Kata Male Cadets	2.6.2018	3
Arey, Arney, Birkir Laufdal	Gothenburg	Team Kata	2.6.2018	3
Tómas PÁLMAR TÓMASSON	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	25.2.2018	1
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Grandprix	KATA 16-17 ÁRA STÚLKNA	25.2.2018	1
Samúel TÝR SIGÞÓRSSON MCCLURE	Grandprix	Kata 13 ára PILTA	17.3.2018	1
Tómas PÁLMAR TÓMASSON	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	17.3.2018	1
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Grandprix	KATA 16-17 ÁRA STÚLKNA	17.3.2018	1
Tómas Pálmar Tómasson	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	17.11.2018	1
Róbert Dennis Solomon	Grandprix	kata 13 ára PILTA	25.2.2018	2
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	25.2.2018	2
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	17.3.2018	2
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	17.11.2018	2
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Grandprix	KATA 16-17 ÁRA STÚLKNA	17.11.2018	2
Róbert Dennis Solomon	Grandprix	KATA 13 ÁRA PILTA	17.11.2018	3
Baldvin Ísleifur Óskarsson	Grandprix	kata 12 ára pilta	25.2.2018	3
Samúel TÝR SIGÞÓRSSON MCCLURE	Grandprix	kata 13 ára PILTA	25.2.2018	3
Elís Þór Traustason	Grandprix	KATA 16-17 ÁRA pilta	25.2.2018	3
Guðjón Daniel Bjarnason	Grandprix	Kata 12 ára pilta	17.3.2018	3
Salka Finnsdóttir	Grandprix	Kata 12 ára stúlkna	17.3.2018	3
Bjarni Hrafnkelsson	Grandprix	KATA 14-15 ÁRA PILTA	17.11.2018	3
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	kumite 15 ára PILTA	17.3.2018	2
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Grandprix	KUMITE 16-17 ÁRA STÚLKNA	17.3.2018	2
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	kumite 15 ára PILTA	25.2.2018	3
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	KUMITE 15 ÁRA PILTA	17.11.2018	3
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Grandprix	KUMITE 16-17 ÁRA STÚLKNA	17.11.2018	3
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	Grandprix	KUMITE 16-17 ÁRA STÚLKNA	25.2.2018	3
Gabríela Ora Gutman	ÍMB	Kata 9 ára stúlkna	14.4.2018	1
Óðinn Gabríel Erlendsson	ÍMB	Kata 9 ára pilta	14.4.2018	3
Breiðablik A	ÍMF	Hópkata kvenna	3.3.2018	1
Svana Katla Þorsteinsdóttir	ÍMF	Kata Kvenna	3.3.2018	1
Breiðablikb	ÍMF	Hópkata Karla	3.3.2018	2
Arna Katrín Kristinsdóttir	ÍMF	Kata kvenna	3.3.2018	2
Breiðablik A	ÍMF	Hópkata Karla	3.3.2018	3

Elís Þór Traustason	ÍMF	Kata Karla	3.3.2018	3
Breiðablik A	ÍMU	HÓPKATA TÁNINGA 14 OG 15 ÁRA	15.04.2018	1
Tómas Pálmar Tómasson	ÍMU	KATA PILTAR 14 ÁRA	15.04.2018	1
Tómas Aron Gíslason	ÍMU	KATA PILTAR 15 ÁRA	15.04.2018	1
Bjarni Hrafnkelsson	ÍMU	KATA PILTAR 14 ÁRA	15.04.2018	2
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	ÍMU	KATA Stúlkur 16-17 ÁRA	15.04.2018	2
Breiðablik C	ÍMU	HÓPKATA TÁNINGA 12 OG 13 ÁRA	15.04.2018	3
Samúel TÝR SIGÞÓRSSON MCCLURE	ÍMU	KATA PILTAR 13 ÁRA	15.04.2018	3
Róbert Dennis Solomon	ÍMU	KATA PILTAR 13 ÁRA	15.04.2018	3
Bjarni Hrafnkelsson	ÍMU	KUMITE PILTA 14-15 ÁRA -63KG	6.10.2018	2
Samúel TÝR SIGÞÓRSSON MCCLURE	ÍMU	KUMITE DRENGJA 13 ÁRA +45KG	6.10.2018	3
Tómas Aron Gíslason	ÍMU	KUMITE PILTA 14-15 ÁRA -63KG	6.10.2018	3
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	RIG	Kata female junior	28.2.2018	1
Svana Katla Þorsteinsdóttir	RIG	Kata Female Senior	28.2.2018	1
Tómas PÁLMAR TÓMASSON	RIG	Kata Male Cadets	28.2.2018	1
Guðbjörg Birta Sigurðardóttir	RIG	Kata female junior	28.2.2018	2
Arna Katrín Kristinsdóttir	RIG	Kata Female Senior	28.2.2018	2
Tómas Aron Gíslason	RIG	Kata Male Cadets	28.2.2018	3
Bjarni Hrafnkelsson	RIG	Kumite Male Cadet	28.2.2018	2
Móey María Sigþórsdóttir Mcclure	RIG	Kumite Junior Female Open	28.2.2018	2
Arna Katrín Kristinsdóttir	RIG	Kumite Senior Female Open	28.2.2018	3

Virðingarfyllst,
Sigþór Samúelsson
Formaður

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Breiðabliks



Jákvæð þróun og ástæða til hjartsýni

Starfið hjá knattspyrnudeild Breiðabliks gekk vel árið 2018.

Eins og flestir vita er okkar deild lang stærsta knattspyrnudeild landsins og hefur sem slík algjöra sérstöðu. Ekkert félag sendir til leiks jafn mörg lið og við Blikar gerum enda iðkendafjöldi okkar hálf tanna þúsund einstaklingar af báðum kynjum. Í þessu mikla fjölda felst mikil viðurkenning á okkar góða starfi, en á sama tíma kallar hann á mikið umfang, skipulag og útsjóna-semi við það eitt að láta starfið ganga upp frá degi til dag. Þar mæðir gríðarlega á starfsmönnum félagsins og einnig sjálfboðaliðum.

Árangur okkar inni á vellinum síðastliðið keppnistímabil var mjög góður og lið okkar víðast hvar í fremstu röð. Yngri flokkar okkar náðu víða góðum árangri og flestir þeirra í titilbaráttu. En þótt titlar séu mikilvægir þá eru önnur sjónarmið ekki síður mikilvæg þegar horft er til yngri flokka starfsins. Starfið er í

sífelldri þróun og aldrei er slegið slöku við að efla og styrkja okkar ungu iðkendur sem mest er unnt. Þar má kappið ekki bera gleðina ofurliði, allir þurfa að fá verkefni við sitt hæfi og vinna sína sigra á eigin forsendum. Þannig sköpum við sigurvegara í öllum regnbogans litum.

Meistaraflokkur karla átti eitt sitt allra besta tímabil frá upphafi og var aðeins hársbeidd frá því að landa báðum stæstu titlunum sem keppt er um héraendis. Leikmenn meistaraflokks kvenna fóru hinsvegar alla leið og unnu bæði Íslands- og bikarmeistaratitilinn árið 2018. Segja má að glæsilegur árangur beggja þessara afreksliða sé ekki síst að þakka faglegu uppeldisstarfi félagsins, enda innan liðanna margir leikmenn sem upp aldir eru hjá Breiðablik.

Aðstöðumál deildarinnar voru mjög í brennidepli á líðandi starfsári stjórnar. Einkum er þörfin brýn þegar kemur að iðkun yfir vetrartímam. Kópavogsbær er eigandi íþróttamannvirkjana í Kópavogsdal og í viðræðum við bæinn um úrbætur lögðum við Blikar upp

með að fá upphitað gervigras á æfingasvæðið vestan við Fífuna. Var mikil vinna lögð í að rökstyðja þá framkvæmd af hálfu félagsins, sem ekki verður rakin hér. Sú leið varð þó ekki fyrir valinu heldur ákvað eigandi mannvirkjanna að láta aðrar framkvæmdir í forgang. Fyrst ber þar að nefna endurgerð gervigrassvallarins við Fagralund. Önnur öllu stærri framkvæmd var síðan lögð til af Kópavogsbæ, en hún er lagning upphitaðs gervigrass á Kópavogsvöll auk fljóðljósa. Nokkur styr stóð um málið. En þótt þessar framkvæmdir hafi ekki verið sá kostur sem félagið sá vænstan í upphafi máls var engu að sað gangast undir tillöguna, enda með þessum framkvæmdum verið að auka framboð valla yfir vetrartímanna úr einum í þrjá. Framkvæmdir hófust í lok sumars og stefnt er að því Fagrilundur verði tilbúinn í um áramót og Kópavogsvöllur í byrjun keppnistímabils vorið 2019.

Undanfarin ár hefur verið unnið að breyttu skipuriti Breiðabliks. Þar er áherslan á styrkingu aðalskrifstofu félagsins sem gerir henni kleift að verða öflugur bakhjarl og þjónustuaðili allra deilda félagsins. Öflug skrifstofa hefur burði til þess að ráða til sín fagfólk á langtímaforsendum sem aftur skilar félaginu faglegra starfi og meiri stöðugleika. Skrifstofan heyrir beint undir aðalstjórn Breiðabliks. Í september síðastliðinn var undirritaður þjónustusamningur á milli knattspyrndeildar og aðalstjórnar um þjónustu skrifstofunnar.

En stöðugleikinn er ekki bara mikilvægur á faglega sviðinu, heldur ekki síður á því fjárhagslega. Víða standa knattspyrndeildir höllum fæti fjárhagslega. Við Blikar þekkjum hæðir og lægðir í fjármálum deildarinnar í gegnum tíðina. Þótt bærilega viðri um þessar mundir vita þeir sem til þekkja að skjótt geta skipast veður í lofti ef rangt er á málum haldið. Öflugt starfsfólk og fagleg vinna eru mikilvægir þættir í því að tryggja fjárhagslega velferð deildanna. Verkefnið er ekki síst að móta og halda á lofti hagsmunum félagsins til langs tíma.

Ég ætla ekki að hafa orð mín mikið fleiri hér. Þótt verkefnin séu ærin og áskoranirnar nánast óteljandi frá degi til dags í starfi deildarinnar er ástæða til að horfa björtum augum til framtíðarinnar. Knattspyrndeildin stendur traustum fótum í Kópavogi, er í fremstu röð á landsvísu og vaxtamöguleikarnir ótal margir. Meðstjórnendum mínum á liðnu starfsári flyt ég þakkir fyrir frábært samstarf og góð kynni. Einnig sjálfboðaliðum fyrir að leggja starfinu lið i frítíma sínum. Loks framkvæmdastjóra og hans frábæra starfsfólki, sem vinnur frábært starf undir mikilli pressu á hverjum degi.

Orri Hlöðversson

Ársskýrsla Kraftlyftingadeildar Breiðabliks



Hér á eftir verður rakið í stuttu máli það sem hæst bar hjá kraftlyftingadeild Breiðabliks á árinu 2018.

Þátttaka á mótum

Janúar

Einn keppandi frá Breiðabliki tók þátt á Alþjóðlegu Reykjavíkurlíkingunum í klassískum kraftlyftingum (Reykjavík International Games - RIG), sem skráð er á mótaskrá Kraftlyftingasambands Evrópu (EPF).

Ellen Ýr Jónsdóttir hafnaði í öðru sæti í kvennaflokki, á eftir hinni ítölsku Garra Carola, með 373,66 Wilks-stig. Ellen lyfti 167,5 kg í hnébeygju, 90 kg í bekkpressu og 160 kg í réttstöðulyftu, eða 417,5 kg samanlagt.

Mars

Íslandsmeistaramótin í klassískri bekkpressu og klassískum kraftlyftingum fóru fram í Reykjavík helgina 17.-18. mars.

Í klassískri bekkpressu kepptu þeir Björn Líndal Traustason, í 74 kg flokki, og Árni Thor Guðmundsson, í 120 kg fl. Björn hafnaði í 2. sæti í 74

kg fl. með 112,5 kg og Árni hafnaði einnig í 2. sæti í 120 kg fl. með 182,5 kg.

Breiðablik átti fimm keppendur á ÍM í klassískum kraftlyftingum. Ellen Ýr Jónsdóttir vann til gullverðlauna í 84 kg fl. með 420 kg samanlagt; 167,5 kg í hnébeygju, 87,5 kg í bekkpressu og 165 kg í réttstöðulyftu. Ellen Ýr hlaut að auki stigaverðlaun í hnébeygju.

Ragnar Snorrason hafnaði í 3. sæti í 74 kg fl. með 515 kg samanlagt; 200 kg í hnébeygju, 105 kg í bekkpressu og 210 kg í réttstöðulyftu. Í 105 kg fl. hafnaði Jakob Hrafn Ágústsson í 3. sæti með 625 kg samanlagt; 240 kg í hnébeygju, 125 kg í bekkpressu og 260 kg í réttstöðulyftu. Guðfinnur Snær Magnússon keppti í yfirþungavigt (+120 kg) og hafnaði þar einnig í 3. sæti með 725 kg samanlagt; 285 kg í hnébeygju, 160 kg í bekkpressu og 280 kg í réttstöðulyftu. Daníel Geir Einarsson hafnaði svo í 4. sæti á eftir Guðfinni í +120 kg fl. með 630 kg samanlagt; 240 kg í hnébeygju, 150 kg í bekkpressu og 240 kg í réttstöðulyftu.

Maí

Guðfinnur Snær Magnússon tók þátt á Evrópumeistaramóti unglunga í kraftlyftingum sem haldið var í Pilsen, Tékklandi. Guðfinni tókst þar því miður ekki að ná inn gildri tilraun í hnébeygju og féll því úr keppni í samanlögðu. Hann lyfti mest 275 kg í bekkpressu og 270 kg í réttstöðulyftu.

Júní

Heimsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum fór fram í Calgary í Kanada. Á meðal keppenda var Blikinn Ellen Ýr Jónsdóttir, sem keppti þar í fyrsta sinn á alþjóðlegu móti á erlendri grund. Hún lyfti samanlagt 420 kg og hafnaði í 12. sæti í 84 kg fl. Í hnébeygju lyfti hún 167,5 kg, 87,5 kg í bekkpressu og 165 kg í réttstöðulyftu. Guðfinnur Snær Magnússon keppti á Íslandsmeistaramóti ungmenna í kraftlyftingum, sem haldið var á Akranesi 9. júní. Þar lyfti hann samanlagt 875 kg; 350 kg í hnébeygju, 250 kg í bekkpressu og 275 kg í réttstöðulyftu. Hann hlaut gull í +120 kg fl. og varð stigahæstur allra keppenda.

Júlí

Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu var haldið á Sauðárkrókki þann 14. júlí í tengslum við Landsmót UMFÍ. Þar kepptu fimm Blikar.

Í 72 kg fl. sigraði Ásdís Írena Sigurðardóttir með 135 kg lyftu. Ellen Ýr Jónsdóttir sigraði í 84 kg fl. með því að lyfta 180 kg. Í 74 kg fl. karla kepptu 3 Blikar. Ragnar Snorrason hafnaði í 2. sæti með 225 kg (rétt missti af gullinu vegna líkamsþyngdar). Sæmundur Guðmundsson hafnaði í 3. sæti með 195 kg og Björn Líndal Traustason í 4. sæti með 190 kg.

Ágúst

Öldungurinn (M3) Sæmundur Guðmundsson keppti í 83 kg flokki á Íslandsmeistaramóti öldunga í klassískum kraftlyftingum, sem haldið

var í Reykjavík 11. ágúst. Þar lyfti hann 140 kg í hnébeygju (öldungamet M2 og M3), 85 kg í bekkpressu (öldungamet M2 og M3), 190 kg í réttstöðulyftu (öldungamet M2 og M3) og 415 kg samanlagt (öldungamet M2 og M3).

September

Guðfinnur Snær Magnússon vann til bronsverðlauna í +120 kg fl. á heimsmeistaramóti unglunga í Potchefsroom í Suður-Afríku þann 8. september. Guðfinnur lyfti 380kg í hnébeygju, 275kg í bekkpressu og 290kg í réttstöðulyftu sem gera 945kg samanlagt.

Ellen Ýr Jónsdóttir keppti á Vestur-Evrópumótinu í klassískum kraftlyftingum í Hamar í Noregi. Þar hafnaði hún í 7. sæti í 84 kg fl. með 412,5 kg samanlagt; 165 kg í hnébeygju, 87,5 kg í bekkpressu og 160 í réttstöðulyftu.

Norðurlandamót unglunga í kraftlyftingum og bekkpressu var haldið á Akureyri 21.-22. september.

Þar keppti Gabríel Ómar Hafsteinsson í 93 kg fl. drengja í klassískum kraftlyftingum. Hann hafnaði í 3. sæti með 495 kg samanlagt; 180 kg í hnébeygju, 115 kg í bekkpressu og 200 kg í réttstöðulyftu.

Guðfinnur Snær Magnússon sigraði í +120 kg fl. ungmenna í kraftlyftingum (í búnaði) með 947,5 kg samanlagt; 370 kg í hnébeygju, 277,5 kg í bekkpressu og 300 kg í réttstöðulyftu. Guðfinnur var einnig stigahæstur ungmenna með 525,1 Wilks-stig. Guðfinnur keppti einnig í bekkpressu (single-lift) og sigraði þar í +120 kg fl. með 220 kg.

Október

Breiðablik átti fjóra keppendur á Bikarmótinu í klassískum kraftlyftingum, sem haldið var á Akranesi þann 13. október.

Ragnar Snorrason keppti í 83 kg fl. og hafnaði þar í 2. sæti með 545 kg

samanlagt; 205 kg í hnébeygju, 120 í bekkpressu og 220 kg í réttstöðulyftu.

Hjálmar Andrésson hafnaði í 1. sæti í 93 kg fl. með 510 kg samanlagt; 190 kg í hnébeygju, 110 kg í bekkpressu og 210 kg í réttstöðulyftu.

Gabriel Ómar Hafsteinsson hafnaði í 3. sæti í 105 kg fl. með 517,5 kg samanlagt, og setti þar með nýtt Íslandsmet drengja. Í hnébeygju setti hann Íslandsmet drengja með 190 kg, svo lyfti hann 117,5 kg í bekkpressu og setti hann nýtt Íslandsmet drengja í réttstöðulyftu með 210 kg.

Í +120 kg fl. sigraði Daníel Geir Einarsson með 645 kg samanlagt; 230 kg í hnébeygju, 155 í bekkpressu og 260 kg í réttstöðulyftu.

Stjórnarfundir – stjórnarstarf

Aðalfundur Kraftlyftingadeildar Breiðabliks var haldinn miðvikudaginn 21. mars 2018 í glersal stúku Kópavogsvallar. Á fundinum var kjörin stjórn deildarinnar.

Stjórn kraftlyftingadeildar Breiðabliks 2018-2019:

Halldór Eypórsson, formaður
Auðunn Jónsson, varaformaður

Elín María Guðbjartsdóttir, gjaldkeri
Róbert Kjara, ritari

Meðstjórnendur:

Guðfinnur Snær Magnússon

Jakob Hrafn Ágústsson

Ellen Ýr Jónsdóttir

Varamenn:

Helgi Hauksson

Stjórnin hélt að venju fjölda funda á árinu þar sem hin ýmsu mál voru tekin fyrir.

Aðstaða

Sú aðstaða sem deildin hefur til umráða er 100m² rými undir hinni nýju stúku Kópavogsvallar. Fjöldi iðkenda hefur aukist jafnt og þétt og bætt hefur verið við tækjakost deildarinnar. Deildin hefur nú yfir að ráða einum albesta tækjakosti landsins. Deildin nýtti nú á árinu, sem fyrr, hluta iðkendagjalda til að halda við tækjakosti og til endurbóta á æfingaaðstöðunni.

F.h. kraftlyftingadeildar Breiðabliks
Róbert Kjara

Ársskýrsla Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks



Á aðalfundi Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks 2018, voru eftirfarandi aðilar kjörin í stjórn:

Sigríður H. Kristjánsdóttir, formaður
Heimir Snær Jónsson, varaformaður
Jónas Pétur Ólason
Eiríkur Aðalsteinsson
Gunnar Sv. Friðriksson
Björk Viðarsdóttir
Gunnar Sv Friðriksson

Litlar breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári. Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir ákvað að ganga úr stjórn, en önnur sátu áfram. Fljótlega var farið í að undirbúa sumarið og keppnistímabilið framundan. Halldór Halldórsson íþróttafulltrúi Breiðabliks, sinnir áfram daglegum rekstri og störfum deildarinnar í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn körfuknattleiksdeildar.

Ráðning þjálfara fyrir yngri flokka gekk ágætlega, en erfitt hefur reynst að fá menntaða og reynslumikla þjálfara í allar stöður og ljóst að ekki gengur að ráða leikmenn meistaraflokka í aðra hverja stöðu. Meiri stöðugleika vantar í flestum flokkum sem og reynslu almennt, sem þarf að skoða, en þónokkrir þjálfarar hafa komið og farið á tímabilinu og síðustu tímabil. Sóllilja Bjarnadóttir tók að sé stöðu forsvarsaðila yngri flokka en ekki var endur-

nýjaður samningur við Leif Árnason, sem hafði gegnt stöðu yfirþjálfara tímabilið á undan. Lenging tímabilsins sem ákveðin hafði verið á fyrra tímabili kom vel út og almenn ánægja iðkenda og foreldra með að æfingum sé haldið úti fram í lok maí. Sumaræfingar hófust svo þann 11. júní, en Hafsteinn Guðnason og Bjarni Geir Gunnarsson sáu um skipulag og umsjón þeirra æfinga sem eru hugsaðar fyrir iðkendur í 7. flokki og eldri. Að mati stjórnar er forgangsatíði að skipuleggja og móta starf í yngri flokkum betur. Reyndur yfirþjálfari og virkt barna- og unglingaráð skiptir þar sköpum þannig að vel verði haldið utan um starfið.

Mikið líf er í Smáranum nánast alla daga ársins, en æfingar hefjast að öllu jöfnu kl. 15 og eru fram til kl. 21 eða lengur. Þá eru einnig fjölmargar æfinga hjá yngri flokkum í íþróttahúsum Fagralunds, Lindaskóla og Kársnes-skóla. Stjórn telur þó mikilvægt að fá æfingatíma í öðrum íþróttahúsum, svo sem Digranesi og Vatnsendaskóla, til að þjónusta börn í efri byggðum betur. Að venju bauð Breiðablik upp á sumarnámskeið fyrir yngri iðkendur, sem voru nokkuð vel sótt. Eins hefur verið boðið upp á styttri námskeið í

vetrarfríum grunnskóla Kópavogs. Æfingar hófust af fullum krafti hjá eldri iðkendum strax eftir verslunarmannahelgi, en reglulegar æfingar yngri flokka hófust í lok ágúst. Meistaraflokkar æfa árið um kring með einhverju hléi að vori, strax að loknu tímabili. Aftur var farið af stað með kríflakörfuna fyrir leikskólabörn, en þetta er annað árið sem við bjóðum upp á körfubolta fyrir þau allra yngstu. Námskeiðið hefur verið mjög vel sótt og stefnt er að því að halda áfram á næsta tímabili.

Skráðir iðkendur hjá Breiðablik eru um 370 talsins, að meistaraflokksleikmönnum meðtöldum. Að auki koma fjölmargir iðkendur reglulega til að prófa æfingu hjá deildinni. Leikmenn meistaraflokka greiða ekki æfingagjöld, en þau hafa skyldur samkvæmt samningum og sinna dómgæslu, fjáröflunum og öðrum störfum sem stjórn leggur fyrir hverju sinni.

Að venju var Póstmót Breiðabliks haldið síðustu helgina í janúar. Þátttaka var framar vonum, en rúmlega 100 lið voru skráð til leiks og þátttakendur því töluvert fleiri en frá árinu áður. Undirbúningur gekk vel og framkvæmd mótsins fór einstaklega vel fram. Umgjörð var öll til fyrirmyndar og bæði forráðafólk og iðkendur fóru kát og glöð heim að móti loknu. Samningurinn við Póstinn rann út og ljóst að þetta var síðasta Póstmótið í Smáranum. Rætt var um að breyta fyrirkomulaginu og með nýjum samningi við nýja aðila, setja mót í upphafi tímabils frekar en í lok janúar. Markaðs- og viðburðarstjóri Breiðabliks hefur því verið í viðræðum við nýja aðila um að koma inn og styrkja það mót.

Hildur Sigurðardóttir, sem stýrt hafði meistaraflokki kvenna ákvað að taka

sér frí frá þjálfun eftir tímabilið 2017-2018. Stjórn gekk til samninga við Margréti Sturlaugsdóttur, en Margrét hafði þjálfað 10-11 ára stúlkur hjá Breiðablik árið áður, en hafði að auki þjálfað bæði yngri flokka sem og meistaraflokk kvenna í Keflavík. Þá hafði hún komið að landsliðsþjálfun bæði yngri flokka og A landsliðs kvenna. Þónokkrir nýir leikmenn gengu til liðs við félagið og undirbúningstímabilið fór vel af stað. Bandarískur leikmaður, Kelly Faris, gekk svo til liðs við Breiðablik í september. Meiðsli settu sitt mark á liðið, er Isabella Ósk Sigurðardóttir sleit krossband í upphafi tímabils og spilaði því einungis fimm fyrstu leiki tímabilsins. Það er því ljóst að hún spilar ekki með liðinu fyrr en í fyrsta lagi eftir áramót. Í kjölfarið var samið við leikmann frá Serbíu, Sanja Orozovic, sem spilaði með liðinu út tímabilið og mun að öllum líkindum spila áfram með liðinu á næsta tímabili. Í janúar var tekin ákvörðun um að senda Kelly Faris heim. Bæði hafði hún ekki staðist væntingar sem leikmaður, sem og kom hún meidd tilbaka úr jólafrí og neitaði að spila með liðinu til að byrja með. Ivory Crawford var því fengin til að koma og klára tímabilið með liðinu. Í nóvember steig Margrét til hliðar sem þjálfari og aðstoðarþjálfarinn, Antonio d'Albero tók við liðinu. Því miður var árangurinn ekki eins og vænst hafði verið, en liðið náði einungis einum sigri þar til í síðustu umferð þegar þrír sigrar komu í hús. Það var því miður of seint þannig að ljóst er að meistaraflokkur kvenna féll og spilar því í 1. deild á tímabilinu 2019-2020.

Meistaraflokkur karla sigraði í úrslitakeppni 1. deildar og spiluðu því í efstu deild á tímabilinu sem er að ljúka. Gengið var til samninga við Pétur Ingvarsson, sem tók við sem þjálfari meistaraflokks karla. Ákveðið var að

endurnýja samning við Jeremy Smith og að auki komu inn þónokkrir nýir leikmenn. Undirbúningstímabilið fór vel af stað og er tók að hausta voru nokkrir æfingaleikir spilaðir við önnur lið í efstu deild. Einungis örfáum dögum fyrir fyrsta leik tímabilsins, var ákveðið að skipta út bandarískum leikmanni liðsins og í hans stað var fenginn Chris Covile, sem áður hafði spilað á Íslandi með Snæfelli. Eftir brösótta byrjun var ákveðið að ná í annan erlendan leikmann og í nóvember gekk Jure Gunjina til liðs við Breiðablik. Fljótlega kom í ljós að hann passaði ekki inn í liðið og samstarfið var bæði stutt og stirt. Meiðsli settu einnig mark sitt á liðið, en Snorri Hrafnkelsson fékk þungt höfuðhögg fyrir áramót og gat því ekki spilað meira með liðinu. Ekki er útséð um hvort hann kemur aftur, eða hvort hann yfir höfuð spilar körfubolta meir. Um áramót var ákveðið að láta Covile fara og ná í nýja leikmenn, bæði bandarískan og Bosman. Gerðir voru samningar við Kofi Josephs og Jameel McKay, sem báðir áttu að vera gríðarlega góðir leikmenn og því miklar væntingar gerðar til þeirra og um leið þess að halda sætinu í efstu deild. Skemmst frá því að segja að McKay var töluvert langt undir væntingum og líklegt að sjaldan hafi hingað til lands komið leikmaður sem valdið hefur slíkum vonbrigðum. Hann var því látinn taka pokann sinn. Þegar ljóst var að liðið var fallið, var tekin ákvörðun um að láta Kofi Josephs fara og leyfa okkar unga liði að spila þá leiki sem eftir voru. Liðið kom inn í keppni með kraft og gleði, en það dugði því miður ekki og einungis einn sigur á tímabilinu staðreynd og ljóst að liðið mun spila í 1. deild tímabilið 2019-2020.

Ljóst er að útlendingahræringar settu fjármálin í töluvert uppnám, en launa-

ferða- og leikheimildakostnaður við slíkar breytingar er töluverður.

Við erum bjartsýn á að halda þeim kjarna sem er í báðum meistara-flokkum og er stefnan tekin beint upp í efstu deild á ný.

Fyrsti bikarmeistaratitill körfuknatt-leiksdeildar Breiðabliks kom í hús í janúar 2018, á fimmtugasta afmælisári deildarinnar. Eftir spennusigur á ÍR þar sem úrslitin réðust ekki fyrr en í blálokin, nældu strákarnir okkar í unglingsflokkum í titilinn eftirsótta.

Breiðablik varð Íslandsmeistari í 8. flokki drengja í apríl 2018, þegar úrslitamót A-riðils fór fram í Ásgarði. Á mótinu léku Blikar gegn Haukum, Njarðvík, Fjölni og Stjörnuni og sigruðu alla sína leiki nokkuð örugglega og voru að lokum krýndir Íslandsmeistarar árið 2018.

Strákarnir eru vel að þessu komnir en það má til gamans geta að þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Breiðabliks í yngri flokkum síðan 2008. Þessi hópur, skipaður drengjum fæddum 2004, átti afskaplega gott ár og var til að mynda boðið að taka þátt á Scania Cup ásamt því að hafa náð í góð úrslit á fjölliðamótum í vetur. Oft hefur verið talað um Scania Cup sem „Óopinbert Norðurlandamót félagsliða“ í körfubolta, en aðeins bestu liðum Skandinavíu er boðið að taka þátt. Þetta er í fyrsta skipti sem liði frá Breiðabliki fær boð um að taka þátt á Scania Cup. Strákarnir stóðu sig vel á mótinu en þeir höfnuðu í 3. sæti síns riðils og í 9. sæti heilt yfir og voru sjálfum sér og félaginu til sóma. Árgangur 2004 drengja hjá Breiðabliki er fjölmennur og bráðefnilegur og bindur félagið miklar vonir við þá leikmenn í framtíðinni.

Landsliðsþjálfarar yngri flokka völdu æfingahópa fyrir verkefni sumarsins 2019. Hjalti Þór Villhjálmsson þjálfari

u16 landsliðs Íslands valdi 16 manna æfingahóp og Breiðablik á þrjá fulltrúa í þessum hópi, Harald Kristinn Aronsson, Hjalta Stein Jóhannsson og Hjört Kristjánsson.

Lárus Jónsson þjálfari u15 landsliðs Íslands valdi 18 manna æfingahóp og Breiðablik á þrjá fulltrúa í þessum hópi, Hákon Helga Hallgrímsson, Breka Rafn Eiríksson og Arnar Frey Tandrason.

Við erum stolt af okkar fólki og það er ljóst að körfuknattleiksdeild Breiðabliks er tvímælaust á uppleið. Það hefur verið mikil hvatning til okkar í starfinu að sjá alla þessa efnilegu iðkendur okkar verða enn betri leikmenn.

Flestir hlutir í utanumhaldi deildarinnar gengu vel í vetur, þó alltaf séu ýmis atriði sem bæta má úr. Utandeildin fór almennt vel fram og ánægja með utanumhald og framkvæmd. Leikmenn meistaraflokka sjá um að manna ritaraborð á heimaleikjum, sem og dómgæslu og ritaraborð í Utandeild og á Póstmóti, auk dómgæslu í turneringum og leikjum yngri flokka. Eftir tímabilið sem er að líða er stjórn þó ljóst að finna verður aðrar leiðir til að manna Utandeild, þar sem vinnuframlag meistaraflokksleikmanna hefur verið í það mesta.

Uppsetning á heimaleikjum meistaraflokka var í höndum leikmanna og foreldra í 9. flokki drengja. Stjórn þurfti þó ávallt að sjá um að manna miðasölu, sem og vinnu á Póstmóti.

Rekstur deildarinnar mætti vera betri. Mikil vinna og tími fer í að leita eftir fjármagni og stjórnin þarf sífellt að vera á höttunum eftir styrkjum í starfið sem er orkufrekt, en ákjósanlegra væri að beina þeirri orku í að styrkja innviðina og bæta starfið enn frekar. Þrátt fyrir viðleitni stjórnar þá er því miður mikill halli á rekstri deildarinnar og finna þarf frekara fjármagn eigi að

nást árangur með meistaraflokka á komandi árum.

Að lokum vil ég koma á framfæri þökkum til þjálfara og þeirra sjálfboðaliða sem komið hafa að starfinu í vetur. Án þeirra gengi þetta aldrei upp. Starfið í yngri flokkum verður aldrei sterkara en foreldrarir gera það í samstarfi við þjálfara. Styrktaraðilum deildarinnar færi ég einnig bestu þakkir, sem og aðalstjórn og skrifstofufólki einnig fyrir góðan stuðning.

Sigríður H. Kristjánsdóttir
Formaður stjórnar

Ársskýrsla Skákdeildar Breiðabliks



Skákmótahald

13. apríl og 18. apríl 2018 Skólamót
Kópavogs og Kjördæmamót
Reykjaness.

12. maí: Skólamót Kópavogs (stúlkur
5.-10. bekkur) og Vormót og firma-
keppni Skákdeildar Breiðabliks
júní-ágúst: Sumarnámskeið

25. ágúst: Íslandsmót skákmanna í golfi
6. september: Skákþjálfun hefst
21. og 28. nóv: Liðakeppni Kópavogs
16. des: Jólapakaskákmót Hugins og
Breiðabliks.

jan-feb: Skákhátíð MótX (Gestamót
Hugins og Breiðabliks)

Skákþjálfun ungmenna 2018 – 2019

**Afreksflokkur (erfiðleikastig 1600-
2000 elóstig):**

Þriðjudaga kl 17:15 – 18:45 :
Skákskólinn Faxafeni – úrvalsflokkur
Skákskólans, Helgi Ólafsson og
Hjörvar Steinn Grétarsson.
Miðvikudaga kl 17:15 – 18:45 : Stúkan

við Kópavogsvöll – Blikar sem eru í
úrvalsflokki Skákskólans

Fimmtudaga kl 17:15 – 18:45: Stúkan
við Kópavogsvöll – Blikar sem eru í
úrvalsflokki Skákskólans

Þjálfarar: Helgi Ólafsson, Hjörvar
Steinn Grétarsson og Ingvar Þór
Jóhannesson

**Áskorendaflokkur (erfiðleikastig
1100-1600 elóstig):**

Fyrir grunnskólakrakka sem hafa náð
þó nokkuri færni og reynslu í skák og
yfirleytt komin með skákstig.

Þriðjudaga og föstudaga frá 16:00 –
17:30. – stúkan við

Kópavogsvöll. Fimmtudaga frá 17:00 –
18:30. – stúkan við Kópavogsvöll.
Þjálfarar: Davíð Kolka og Heimir Páll
Ragnarsson

**Yngri flokkur (erfiðleikastig að 1100
elóstigum):**

Æfingar fyrir yngri krakka (c.a. 10 ára
og yngri) sem hafa náð grunnfærni í
skák og hafa mikinn áhuga.

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
kl 15:45-16:45 (Stúkan við
Kópavogsvöll)

Þjálfari er Lenka Ptacnikova

**Yngri flokkur (erfiðleikastig að 1100
elóstigum)**

Námskeið í lok janúar og febrúar.
Framhald í Kórnum. :

Þriðjudaga og fimmtudaga kl 16:30 –
17:30 (Kórin, stofa 78 í
Hörðuvallaskóla sem er með stofur í
Kórnum)

Miðvikudaga kl 17:15 – 18:15
(Leiknisheimilið í efra Breiðholti)

Föstudaga kl 16:30 – 17:30
(Seljaskóla)

Þjálfari er Kristófer Gautason

**Stúlknaflokkur í samvinnu við
Skákskóla Íslands**

Mánudaga kl 17:00 – 18:30 (Stúkan
við Kópavogsvöll)

Þjálfarara eru Jóhanna Björg
Jóhannsdóttir og Veronika Steinunn
Magnúsdóttir

Æfingagjöld.

Þrisvar sinnum eða oftár í viku:
40.000kr (10þús hækkun)

Tvisvar sinnum í viku: 30.000kr
(10þús hækkun)

Einu sinni í viku: 15.000kr (5þús
hækkun)

Ýmiss árangur 2018-19

Ágúst 2018: Vignir Vatnar, Arnar
Milutin og Gunnar Erik tóku þátt í EM
í letlandi.

9.sept 2018: Skáksveit
Hörðuvallaskóla varð Norðurlanda-
meistari grunnskólasveita í Tampere í
Finnlandi

13.okt 2018: Blikar unnu þrefalt í
tveim flokkum og alls fjóra
Íslandsmeistaratitlar (Birkir Ísak,
Benedikt Briem, Tómas Möller og
Guðrún Fanney Briem) á Íslandsmóti
ungmenna í Rimaskóla. Fjögur silfur
unnust og tvenn bronsverðlaun.

Haustið 2018: Vignir Vatnar
Stefánsson hefur farið mikinn á tveim
sterkustu innanlandsmótum haustsins.
Hann byrjaði á því að sigra á
Haustmóti Taflfélags Reykjavíkur og
lék síðan sama leikinn á Meistaramóti
Hugins. Fleiri Blikar stóðu sig vel á
þessum mótum, Stephan Briem varð
annar í B-flokki í Haustmótinu og
Arnar Milutin Heiðarsson var einnig í
öðru sæti í C-flokki sama móts.

2.-4.nóv 2018: Tólf iðkendur úr
Skákdeild Breiðabliks tóku þátt í
Hasselbacken mótinu í Stokkhólmi í
Svíþjóð.

24.nóv – 3.des 2018: ÓL 16 ára og
yngri - Vignir Vatnar, Stephan Briem,
Birkir Ísak og Arnar Milutin úr
Skákdeild Breiðabliks tefla fyrir hönd
Íslands ásamt Batel Goitom Haile
Taflfélagi Reykjavíkur.

9.des 2018: Unglingasveit Breiðabliks
vann Íslandsmót Unglingasveita og B-
sveitin vann keppni B-sveita.

18.feb 2019: Stephan Briem
Norðurlandameistari í flokki 16-17 ára
og Vignir Vatnar varð annar. Af tíu
keppendum Íslands þá komu fimm frá
Skákdeild Breiðabliks. Auk Stephans
og Vignis Vatnars (sem eru vel að
merkja báðir á yngra ári) þá voru það
Benedikt Briem og Gunnar Erik
Guðmundsson sem kepptu í D-flokki
(12-13 ára), þeir lentu í 7. og 9.sæti.
Og Tómas Möller sem kepptu í E-
flokki (11 ára og yngri) og lenti í
8.sæti.

Magnús Pálmi og Birkir Ísak Skákmeistarar Breiðabliks 2018

Í Skákhátíð MótX, sem fram fór í
janúar og febrúar í stúkuni við
Kópavogsvöll, var einnig keppt um
meistaratitla hjá Skákdeild Breiðabliks.
Í unglingsflokki sigraði Birkir Ísak
Jóhannsson og Magnús Pálmi
Örnólfsson varð Skákmeistari Breiða-
bliks.

Sigurvegari Skákhátíðar MótX varð
Hjörvar Steinn Grétarsson.

Í B-flokknum tefldu öll efnilegustu ungmenni landsins ásamt reyndum skákmönnum af eldri kynslóðinni. Sigurvegari varð Gauti Páll Jónsson. Alls tóku 51 skákmenn á öllum aldri þátt í Skákhátíð MótX 2019.

Íslandsmót skákfélaga 2018 – 2019

Skákfélag Reykjaness óskaði eftir að sameinast keppnisliðum “Skákdeild Breiðabliks og Bolungarvíkur” í Íslandsmóti skákfélaga undir nafninu “Skáksamband Breiðabliks, Bolungarvíkur og Reykjaness” Sameiginlegt lið var með eina sveit í hverri deild. Lið okkar féllu úr 2. og 3.deild.

Fjárhagurinn

Tekjur jukust úr 2millj í 3.7millj. Afgangur varð 150þús.

Þrír stórir nýjir liðir með útgjöld og samsvarandi tekjur: Skákhátíð MótX 360þús, Íslandsmót skákfélaga 270þús, Hasselbacken ferðin 430þús.

Aðrir stórir og hefðbundnir liðir eru sumarnámskeið 640þús, þjálfunarkostnaður 1.1millj, skólamót Kópavogs 310þús, æfingabúðir á vorin 150þús. Einnig er nokkur hluti veltunnar vegna styrkja sem við fáum vegna utanfara okkar afrekskrakka.

Helstu tekjurnar eru æfingagjöld 550þús, starfsstyrkur Kópavogsbæjar 85þús, Lottó 140þús, aðalstjórn Breiðabliks 120þús, Skákstyrktarsjóður Kópavogs 325þús, Ferðastyrkir UMSK&SÍK 210þús og svo aðrir styrkir 700þús

Við erum dálítið að gera út á styrki frá ýmsum aðilum og höfum bara náð ágætum árangri þar.

Framundan

30.apríl og 2.mai : Skólameistaramót Kópavogs 2018

10.mai : Vormót og firmakeppni Skákdeildar Breiðabliks og stúlknamót Kópavogs.

Æfingabúðir í stúkunni við Kópavogsvöll
Sumarnámskeið
Byrjun ágúst: Íslandsmót skákmanna í golfi
Mánudag 2.september: Skákþjálfun hefst

Stefnumörkun

(rædd á aðalfundi)
Samstarf um innra starf við Skákfélagið Huginn
Íslandsmót skákfélaga 2019-20
Æfingabúðir í vor
Skákþjálfun veturinn 2019-20
Utanför á Hasselbacken nóv 2020
Alþjóðlegt mót í byrjun janúar 2020.

Ársskýrsla Skíðadeildar Breiðabliks



Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var í Smáranum 10 apríl 2018, voru eftirtaldir kosnir í stjórn skíðadeildar Breiðabliks og skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: H. Davíð Björnsson

Gjaldkeri: Brynhildur Georgsdóttir

Ritari: Ævar Rafn Björnsson

Meðstjórnendur:

Ingunn Pétursdóttir

Vignir Bjarnason

Hinrik Sigurður Jóhannesson

Fulltrúi foreldrafélagsins:

Steinunn Arna Jóhannesdóttir

Til vara: Garðar Þorvarðarson

Formaður hefur setið fundi Skíðaráði Reykjavíkur (SKRR) sem áheyrnarfulltrúi og fundi betri skíðasvæði Bláfjöll/Skálafell.

Alpagreinanevnd:

Í alpagreinanevnd hafa starfað Stefán Árni Auðólfsson og Ólafur Ægisson

Nefndin sér um ráðningu þjálfara og annað sem snýr að þjálfun. Garðar Þorvarðarson er fulltrúi okkar í skíðaliði Reykjavíkur og Breiðabliks.

Mótanefnd:

Mótanefnd skipa Smári R. Þorvaldsson, Stefán Árni Auðólfsson, Garðar Þorvarðarson og Davíð Björnsson og er mótahald á vegum deildarinnar í þeirra höndum.

Ekki tókst að halda Faxaflóamót 10-11 ára og Innanfélasmót 2018 sökum veðurs.

Skíðadeildin tók að sér að halda Bikarmót SKÍ 12-15 ára 9.-10. febrúar en vegna snjóleysis voru ekki aðstæður til að halda stórsvig, því var keppt í tveimur svigmótum. Þá héldum við 30. mars í samstarfi við KR, Faxaflóamót í stórsvigi 10-11 ára og fyrir 12-15 ára var haldið 8. apríl. Breiðabliksleikar Fjallakofans 9 ára og yngri eru fyrirhugaðir 13. apríl. Innanfélasmótið

verður síðan í lok skíðatímabilsins ef veður og snjór leyfir.

Skálanefnd:

Breiðabliksskálinn skíðamiðstöð Kópavogs í Bláfjöllum er mikilvæg undirstaða fyrir starf deildarinnar. Rekstur skálans er í traustum höndum skálanefndarinnar, en hana skipa Jóhannes Sveinbjörnsson formaður og skálavörður er Bergþór Kárason.

Á liðnu sumri var ráðist í viðhaldsframkvæmdir á þaki skálans og austurhliðin endurnýjuð en vesturhliðin verður síðan tekin á komandi sumri.

Foreldrafélag:

Í foreldrafélaginu hafa starfað Óðinn Ágústsson formaður og gjaldkeri, Steinunn Arna Jóhannesdóttir, Ingólfur Óskarsson og Gerða Sigmarsdóttir

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

Auka velferð, áhuga og vellíðan iðkenda, stuðla að auknum tengslum foreldra við félagið, hafa umsjón með fjáröflun iðkenda vegna æfinga- og keppnisferða, hafa umsjón með gistingu í skála og skipuleggja sjoppuvaktir í skálanum.

Þjálfarar:

Þjálfarar 7. ára og yngri hafa verið þær Íris Long og Guðrún Hulda Gunnarsdóttir Hjá 8-9. ára Snorri Páll Guðbjörnsson og 10–11.ára Aron A. Rúnarsson. Sigurður Nikulásson sér um 12–13.ára og Arnór Þorkell Gunnarsson 14–15. Marko Spoljark og Matic Medvesek hafa séð um 16. ára og eldri.

Starfið í vetur

Haustæfingar hófust að venju í september. Mikill metnaður var lagður í styrktaræfingar.

Fyrsta æfingin í Bláfjöllum var ekki fyrir en 23. janúar. Opnunardagar eru orðnir 39 en veðrið hefur aldeilis ekki verið að leika við okkur og hefði snjóframleiðsla bjargað miklu þennan vetur.

Samstarf við skíðafélögin í Reykjavík.

Deildin hélt áfram samstarfi við KR í yngri flokkum. Hjá 16 ára og eldri er Skíðalið Reykjavíkur (KR,IR, Víkingur,Fram) og Breiðablik.

Æfingaferðir erlendis.

Farin var 13 daga æfinga og fjölskylduferð til Livino á Ítalíu dagana 7-20. janúar

Lokaorð.

Þetta hefur verið erfiður vetur, við byrjuðum seint og voru fáir opnunardagar. Deildin reyndi að gera það besta úr aðstæðum og var farin tveggja vikna ferð til Ítalíu í janúar og út á landsbyggðina ef tækifæri gafst. Við höfum miklar væntingar til þess að næsti vetur verði deildinni auðveldari því fyrirhugað er að snjóframleiðsla hefjist næsta haust og uppbygging á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og ef að af því verður er það mikil lyftistöng fyrir skíðaíþróttina.

Fyrir hönd stjórnar skíðadeildar Breiðabliks,

Davíð Björnsson

Ársskýrsla Sunddeildar Breiðabliks



Síðasti aðalfundur deildarinnar var haldinn í Smáranum 7. mars 2018

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Ragnar Viktor Hilmarsson, *formaður*
Gunnlaugur Þór Guðmundsson,
gjaldkeri

Meðstjórnandur:

Hjördís Rögn Baldursdóttir
Hákon Hrafn Sigurðsson
Bryndís Sigurðardóttir
Dagbjört Þorsteinsdóttir
Guðlaug Björnsdóttir
Þóra Krístín Bjarnadóttir
Gísli Ágústson

Starfsemin

Starfsemi deildarinnar hefur verið með nokkuð hefbundnu sniði síðastliðið ár. Stöðug ásókn hefur verið á sundnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 4-6 ára í vetur og hefur verið uppselt á öll námskeið hjá okkur. Þessi velgengi hefur ýtt undir fjölgun iðkenda í yngstu sundhópunum. Á árinu 2018 voru 136 iðkenndur skráðir í sunddeild Breiðabliks.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á þriggja til fjögurra vikna fresti eða eftir þörfum. Rekstur deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og síðasta ár, það hefur gengið þokkalega þó ekki sé mikið fé handbært. Þar sem árið 2018 var fyrsta árið þar sem Þríkó er ekki að velta sínum fjármunum í gegnum Sunddeildina eigum við erfitt með að sjá hvernig við stöndum í samanber árið 2017. Enn það er ljóst að við þurfum að skoða hækkun á æfingargjöldum og einhverja hagræðingu í rekstri sunddeildarinnar.

Starf sunddeildarinnar fór fram í Kópavogslaug og í Íþróttamiðstöðinni í Versölum í Salahverfi líkt og undanfarin ár. Æfingahópar í Salalaug voru C, D, E og sundnámskeið fyrir 4-6 ára. Í Kópavogslaug voru starfræktir 5 æfingahópar í barna og unglingahópum og Garpar í fullorðinsflokkum auk Þríprauga-deildarinnar Þríkó.

Starfsmannamál

Endurnýjaðir vor samningar við Gunnar Egill Benónýsson, Sigurð Daniel Kristjánsson og Ingibjörgu Guðmundsdóttir. Gunnlaug Margrét Ólafsdóttir var ráðin inn sem nýr þjálfari D og E hóps í Salarlaug.

Gunnar Egill hefur séð um þjálfun B og C hóps í Kópavogslaug. Í Salarlaug hafa þau Sigurður Daniel séð um þjálfun barna í C hóp, Gunnlaug um þjálfun D og E hóps og Ingibjörg séð um sundnámskeiðin.

Yfirþjálfari er Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir en hún sér um þjálfun A-hóps, D-hóp og kennslu á sundnámskeið 4-6 ára í Kópavogslaug ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Karl Pálmason þjálfar einnig A-hóp samhliða Örnun Þórey. Sveinbjörn Pálmi Karlsson hefur séð um þjálfun E-hóps og sundnámskeiða í Kópavogslaug.

Félagsstarfsemi og þátttaka á sundmótum

Farið var á mörg sundmót á síðastliðnu ári líkt og undanfarin ár, bæði hjá öðrum félögum og á vegum Sundsambands Íslands.

Á **ÍM50** átti sundfólk úr Breiðablik mjög gott mót en samtals unnum við til 36 verðlauna, 10 gull, 13 silfur og 13 brons. Fengum tvo íslandsmeistararitla í einstaklingsgrein og einnig tvo í boðsundsgreinum.

Vormót Breiðabliks var haldið 26 – 27 maí 2018 í innilaug Sundlaug Kópavogs og kepptu um 160 sundmenn frá nokkrum félögum. Var það fyrsta mótið þar sem nýji tæknibúnaðurinn var notaður og gekk nú ýmislegt á sem fór í reynslubankann. Er búið að laga þessa hluti í dag og eigum við ekki von á öðru en vormótið okkar núna í ár, 2019, ætti að ganga snúrðulaust fyrir sig.

Aldursflokkameistaramót Íslands

(**AMÍ**) í sundi var haldið helgina 22. – 24. júní á Akureyri. Sunddeild Breiðabliks átti 26 keppendur á mótinu en á það eru lágmörk sem sundmenn þurfa að ná til að keppa á mótinu. AMÍ er bæði einstaklings- og liðakeppni og endaði sunddeild Breiðabliks í 3. sæti í liðakeppninni, SH vann og ÍRB varð í 2. sæti. Það sem er aðdánarvert er að á meðan við vorum með 26 keppendur (144 stungur/skráningar) var SH með 49 keppendur (277 stungur/skráningar) og ÍRB með 48 keppendur (272 stungur/skráningar). Liðin í 4. og 5. sæti voru einnig með fleiri keppendur en Breiðablik.

Veitt eru verðlaun fyrir stigahæstu sundmenn í flokkum 12 ára og yngri, 13-14 ára og 15-17 ára bæði í kvenna og karlaflokki. Þar átti Breiðablik 4 af 6 stigahæstu einstaklingunum. Freyja Birkisdóttir varð stigahæst í 12 ára og yngri, Kristín Helga Hákonardóttir varð stigahæst í flokki 13-14 ára, Ragna Sigríður Ragnarsdóttir varð stigahæst í flokki 15-17 ára og Patrik Viggó Vilbergsson varð stigahæstur í flokki 15-17 ára.

Ólafsbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega á AMÍ fyrir besta afreki unnið á mótinu í einni af eftirtöldum sundgreinum; 400m fjórsundi, 400m skriðsundi, 800m skriðsundi eða 1500m skriðsundi. Ólafsbikarinn fór einnig til Breiðabliks en hann hlaut Kristín Helga Hákonardóttir.

Sundmenn Breiðabliks náðu einnig lágmörkum inn á stærri mót erlendis og má þar nefna Norðurlandameistaramót unglunga í sundi (Nordic Age Group championship) og þar fóru fyrir hönd Breiðabliks Kristín Helga og Patrik Viggó. Brynjólfur Óli Karlsson náði lágmörkum á JOG (Youth Olympic Games) sem haldið var í Argentínu í október. Síðan náðu 6 iðkendur Breiðabliks inn á Norðurlandameistaramótið sem haldið í

Oulu í Finnlandi í 25m laug. Voru þau öll félaginu til mikilla sóma.

Farið var í 10 daga æfingabúðir til Mataró á Spáni dagana 7.– 18. ágúst 2018 með sundmenn úr A og B hóp. Ferðinn hepnadist í alla staði mjög vel og kom þar í ljós hveru öflugir krakkarnir okkar eru. Voru þjálfarar með tvær sundæfingar á dag ásamt þrek æfingum. Aðstaðan var kannski ekki alveg eins og við áttum von á enn allir fóru sáttir heim.

Breiðablik sá svo um að halda Bikarmót Sundsambands Íslands í Sundlaug Kópavogs og myndaðist ótrúlega skemmtileg stemning á mótinu. Sannaðist þar að Breiðablik getur sannarlega haldið stór og glæsileg mót þrátt fyrir þröng húsakynni. Þrátt fyrir smá tæknilega örðuleika þá náðum við að klára mótið með glæsibrag. Syntum við í fyrsta sinn undir merkjum Breiðabliks en ekki UMSK eins og undanfarinn ár.

Íslandsmeistaramótið í 25m laug (ÍM25) Sunddeild Breiðabliks sendi ungt og öflugt lið til leiks og átti félagið alltaf 10-11 sundmenn í úrslitum alla dagana þar sem 8 bestu úr undanrásum syntu. Samtals vann félagið 8 Íslandsmeistaratitla í einstaklingsgreinum og tvo titla í boðsundum. Sundmenn félagsins hlutu 10 silfur og 9 brons í einstaklingsgreinum og fjögur silfur og tvenn bronsverðlaun í boðsundum. Einnig settu tveir sundmenn aldursflokkamet í 1500m skriðsundi, þau Patrik Viggo Vilbergsson í flokki 15-17 ára á tímanum 15:37.02 og Freyja Birkisdóttir í flokki 11-12 ára á tímanum 18:23.52. Í boðsundum urðu Blikar Íslandsmeistarar í 4x200m skriðsundi karla á nýju piltameti (15-17 ára). Sveitina skipuðu Patrik Viggó, Brynjólfur Óli, Kristófer og Róbert

Andri. Blönduð sveit Breiðabliks varð Íslandsmeistari í 4x100m skriðsundi.

Í desember var jólagleiði sunddeildarinnar haldin í innilaug Kópavogslaugar en það er sýningar- og skemmtimót fyrir alla iðkendur deildarinnar og tóku foreldrar og þjálfarar einnig virkan þátt. Keppt var í 50 metra flugsundi og skriðsundi, sundsýning var hjá yngstu krökkunum og boðsundskeppni. Í lokin var synt með kerti, jólalög sungin og öll ljós í lauginni voru slökkt og vakti það mikla lukku hjá sundmönnum. Að lokinni jólagleiðinni var boðið uppá mandarínur, kókómjólk og piparkökur líkt og undanfarin ár.

Árleg uppskeruhátíð sunddeildar var haldin í Smáranum 17. Febrúar 2019 þar sem verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur árið 2018.

Endurnýjun tæknibúnaðar

Nýji búnaðurinn var tekin í gangið á vormóti Breiðabliks sem haldið var í maí. Gekk á ýmsu á því móti en samkvæmt forstöðumanni Kópavogs-laugar er búið að koma því í lag. Nú er bara beðið eftir nýrri upplýsingatölfu þar sem hin er kominn til ára sinna og vonandi þurfum við ekki að biða lengi.

Foreldrastarf

Meðlimir í stjórn félagsins hafa séð um allt skipulag deildarinnar síðastliðið ár en fengið góða aðstoð hjá nokkrum duglegum foreldrum. Þó er nauðsynlegt að virkja fleiri foreldra til starfa til að dreifa álaginu og ábyrgð.

Heimasíða, Instagram og youtube rás Breiðabliks

Fréttir frá deildinni fara allar inná heimasíðu deildarinnar en Facebook síðan hefur einnig verið mjög virk og eru margir sem skoða hana reglulega en þar eru settar inn ýmsar upplýsingar sérstaklega í tengslum við sundmót, sundnámsekið og fleiri atburði.

Sunddeildin heldur einnig út Instagram síðu þar sem myndir, video af mótum og fleiru er póstaðar inn. Erum við mjög ánægð hversu mikið þessar síður eru orðnar virkar með fréttum og myndu af okkar sundfólki. Síðast er það svo youtube rás sunddeildar þar sem sundmót deildarinn er hlaðið inn eins og öðrum viðburðum.

Viðurkenningar

Á íþróttarhátíð Kópavogs sem haldin var í janúar 2019 voru meðal annars

veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sundi. Í flokki 13-16 ára voru Patrik Viggó Vilbergsson og Kristín Helga Hákonardóttir valinn sundmaður og sundkona Kópavogs. Brynjólfur Ólfi Karlsson var svo valin sundmaður UMSK.

4. mars 2019

Bryndís Sigurðardóttir, formaður

Ársskýrsla Taekwondodeildar Breiðabliks



Hefðbundin starfssemi hófst í lok ágúst 2018 eftir 3 ½ mánaðar sumarfrí og var strax ljóst að mikil fjölgun væri að eiga sér stað hjá deildinni. Mikið af eldri nemendum sneru aftur og eins var mikil nýliðun.

Beltapróf voru haldin á sitt hvorri önninni og tók metfjöldi þátt í þeim. Fyrir liggur að 6-7 einstaklingar munu taka svartabeltispróf í maí 2019 og verður það stærsta svartabeltispróf deildarinnar frá upphafi.

Mikið var keypt af nýjum og dýrum búnaði á tímabilinu sem henta ætti fjölbreyttri aldursdreifingu deildarinnar ásamt því að drög og tillögur hafa verið gerðar af frekari innkaupum.

Deildin tók þátt í einu bikarmóti TKÍ en ekki var frekari þátttaka á mótum vegna aðstöðu- og keppnisbúnaðarleysis.

Framhaldið er bjart með fjölgun iðkenda og ljóst að deildin þarf að beita sér mjög í húsnæðis- og aðstöðumálum til að hægt verði að taka á móti fleiri iðkendum þar sem að löngu er komið að þolmörkum m.t.t. fjölda iðkenda við núverandi aðstæður.

Virðingarfyllst,
Hlynur Örn Gissurarson,
formaður Taekwondodeildar

Ársskýrsla Þríþrautardeildar Breiðabliks



Aðalfundur þríþrautardeildar Breiðabliks var haldinn 13 mars 2019 í húsnæði Breiðabliks, Dalsmára. Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi;

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Formaður leggur fram skýrslu deildar
3. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
4. Kosning formanns
5. Kosning stjórnarmanna
6. Umræða um málefni deildarinnar og önnur mál

Kosinn fundarstjóri var Birna Íris Jónsdóttir og kosinn ritari var Guðmundur Ingi Guðmundsson. Formaður Rannveig Anna Guicharnaud flutti ársskýrslu.

Æfingar og helstu breytingar

- Þríþrautardeild Breiðabliks hafði aftur aðsetur í Sporthúsinu, Kópavogi.
- Þríþrautin var með forlega hjólatíma í Sporthúsinu kl 18:30 – 19:30 á þriðjudögum og fimmtudögum. Það var nýbreytni í ár, að hjólatímum var fjölgað vegna mikillar ásóknar í hjóladeildina. Kl 6:00, 12:00, 17:00, 18:40 og 20:00. Þeir tímar voru einnig aðgengilegir fyrir þríþrautina og hjóladeildin gat mætt kl 18:30.

- Hlaupæfingar hófust í Laugardagshöll á braut, á miðvikudögum eftir áramót kl 18:30
- Sund kl 5:50 fyrir þríþraut en þríþrautinni gefst einnig kostur á að mæta með Garpasundinu á mánudags og miðvikudagskvöldum kl 19:30.
- Það hefur orðið mikil fjölgun hjá Görpunum og starfið þar gengur mjög vel
- Þríþrautardeildin fékk aukabraut í lauginni vegna aukins fjölda Garpa og þríþrautarfólks, úr fjórum í fimm.
- Þríþraut getur farið á hlaupæfingar hjá hlaupahóp Breiðabliks, og borgar þríþrautardeildin 5000 kr á hvern iðkanda í þríþraut.
- Hafþór Rafn Benediktsson var með styrktar þjálfun frá september til lok febrúar. Það var styrktar þjálfunarbema í september en þá voru styrktaræfingar tvisvar í viku en síðan einu sinni í viku eftir það.

Fjárfestingar

Þríþrautardeildin keypti tvö wattahjól til viðbótar við þau sjö sem voru keypt í fyrra. Samtals á þríþrautin sjö IS8 hjól og þrjú Cyclops.

Æfingabúðir

Héldum einar æfingabúðir í ár og fengum gestþjálfarann Nick Saunders til landsins. Á dagskrá eru aðrar æfingabúðir í haust 2019.

Námskeið

Haldin voru 4 skriðsundsnámskeið fyrir byrjendur sem Hákon Jónsson sundþjálfari hafði umsjón með og voru þau haldin í Kópavogssundlaug. Einnig hélt Hákon tvö sundnámskeið fyrir Landvættina.

Keppnir

- **Árlegt Þorláksmessusund** en í það varð uppselt í ár (1500 m sund í Kópavogslaug).
- **Kópavogspraут** og **fjölskyldupraут** 13 maí 2018 (400 m sund, 10, 3 km hjól og 3,5 km hlaup). Keppt var í byrjendaflokki og almennum flokki í karla og kvennaflokki.
- **Firmakeppni** í þrípraут var haldinn í Kópavogi 3 september. Keppt var í 400 m sundi, 10,3 km hjóli og 3,5 km hlaupi. Firmakeppnin er ein helsta fjáröflunarleið þríprautarinnar og í henni keppa fyrirtækjahópar. Helmingi meiri þátttaka núna en árinu á undan enda var farið í átak í að auglýsa keppnina. Firmakeppnin er ein helsta fjáröflunarleið þríprautardeildarinnar.
- **Garparnir** héldu innanfélagsmót þann 10 desember 2018, þar sem keppt var í öllum sundgreinum (flug, bringa, skrið og baksund).

Árangur - Íslandsmeistarar

- Þríprautardeild Breiðabliks urðu bikarmeistarar eftir sigur í stigakeppni Þríprautarsamband Íslands annað árið í röð.

- Breiðablik eignaðist einnig þrjá Íslandsmeistara í þrípraут og vann öll Íslandsmeistaramót sumarsins 2018.

Íslandsmeistarar í karlaflokki,

Sigurður Örn Ragnarsson
Íslandsmeistari í Ólympískri þraут
Hákon Hrafn Sigurðson

Íslandsmeistari í ofur sprettþraут 3N

Íslandsmeistarar í kvennaflokki

Rannveig Anna Guicharnaud
Íslandsmeistari í Ólympískri þraут og
Íslandsmeistari í ofur sprett þraут.

Bikarmeistarar

Bikarmeistarar í karla og kvennaflokki voru Sigurður Örn Ragnarsson og Rannveig Anna Guicharnaud

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð var haldinn í annað sinn þann 1. febrúar 2019 og voru veitt verðlaun fyrir árangur og mestu framfarirnar.

Verðlaunahafar voru þessir:
Sjáflboðaliði ársins: Hilmar Jensson
Nýliði ársins: Ingvi Jónasson

- Mestu framfarir kvenna: Kristín Vala Matthíasdóttir
- Mestu framfarir karla: Höskuldur Borgþórsson
- Besti árangur kvenna: Rannveig Guicharnaud
- Besti árangur karla: Sigurður Örn Ragnarsson.
- Þjálfarar okkar Hákon Jónsson, Hákon Hrafn Sigurðsson og Viðar Bragi Þorsteinsson viðurkenningu fyrir frábært starf.
- Að lokum fékk stjórnin þakklætisskjöld frá félagsmönnum sem stjórn ársins 2018.

Stefna félagsins er að byggja upp þrjúpraut fyrir ungt fólk.

- Höfðum samband við öll félögin og buðumst til að hjálfa ungt fólk frá þeim en engin skuldbinding til þess að keppa fyrir Breiðablik. Það kom ekkert út úr því
- Fengum Guðlaugu Eddu til að hjálpa okkur með uppbygginguna og hún kom yfir í félagið. Sótt verður um afreks og ferðasjóð UMSK fyrir

Guðlaugu Eddu til að styðja við bakið á henni fram að Ólympíuleikunum.

Þrjúprautardeild Breiðabliks styrkir Guðlaugu Eddu einnig um mánaðarlega upphæð til framfærslu. Guðlaug Edda hefur samþykkt að auglýsa Breiðablik á samfélagsmiðlum.